



BA ritgerð
Félagsráðgjöf

Réttindi móður

Edda Jóhannsdóttir

Dr. Cynthia Lisa Jeans
Júní 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Réttindi móður

Edda Jóhannsdóttir

160576-4139

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Dr. Cynthia Lisa Jeans

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2014

Réttindi móður

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Edda Jóhannsdóttir, 2014

Prentun: Samskipti
Reykjavík, Ísland, 2014

Útdráttur

Réttindi móður birtast í kynjahlutverkum, menningu og lögum og eru þau breytileg eftir tíðaranda. Lengst af hefur feðraveldi ríkt þar sem karlmenn höfðu nánast öll völd á sinni hendi. Börn voru álitin eign feðra og við skilnað, þó fátíðir væru, fylgdu börnin þeim. Staða mæðra var sterk í upphafi landnáms en með siðaskiptunum versnaði staða þeirra og sér í lagi ógiftra mæðra sem urðu fyrir hálfgerðum ofsóknum. Mæður höfðu ekkert tilkall til barna sinna fyrr en í byrjun 20. aldar með tilkomu tengslamyndunarkenninga og eðlishyggju. Konur voru nú taldar frumuppalendur barna og móðurhlutverkið varð hluti af sjálfsmynd þeirra. Þær voru bundnar við heimili og umönnun barna og við skilnað foreldra fara börn að fylgja mæðrum sínum.

Með kvenréttindabaráttunni á 20. öld sækjast konur eftir jafnrétti kynjanna. Þær vildu komast út af heimilinu og njóta sömu réttinda og tækifæra og karlar. Lagaleg þróun hvað réttindi kvenna varðar hefur verið frá feðraveldi á átt að jafnrétti. Réttindi barna, sem einnig voru viðurkennd á 20. öld, hafa áhrif á hlutverk foreldra. Í dag eiga börn rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja, og foreldrar bera skyldur við barnið. Í lögum ríkja jafnréttisáherslur og er meginreglan sú að foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns sem helst þó til skilnaðar komi. Barn getur þó aðeins átt lögheimili á einum stað og er það yfirleitt hjá móður. Allur stuðningur ríkisins hvað börn varðar beinist að lögheimilisforeldrinu og eru mæður þar með í sterkari stöðu en feður. Óskoraður réttur móður kemur fram í 29. grein Barnalaga sem segir að sé móðir hvorki í hjúskap né skráðri sambúð við fæðingu barns fer hún ein með forsjá þess.

Formáli

Ritgerð þessi var skrifuð á vorönn 2014 og er 12 eininga (ECTS) lokaverkefni til BA prófs í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var Cynthia Lisa Jeans og á ég henni mínar innilegustu þakkir fyrir góða leiðsögn og augljósan velvilja í minn garð. Ég vil þakka vinum og vandamönnum fyrir að hafa óbilandi trú á mér og hvatt mig áfram og stutt með velgjörð sinni. Sérstakar þakkir fá dætur mínar Anna Líf og Mía fyrir að veita mér innblástur og sýna mér þolinmæði við skrif þessarar ritgerðar.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
1 Inngangur	6
2 Fjölskyldan og hlutverk móður	8
2.1 Fjölskyldan	8
2.2 Móðir	10
2.3 Ímynd móður	10
2.4 Hlutverk móður	12
2.4.1 Tengslamyndun	14
2.5 Skilnaðir og börn.....	16
3 Réttindi móður	17
3.1 Réttindi móður og skyldur	17
3.2 Þróun réttinda móður.....	18
3.3 Sjónarhorn femínista	20
4 Löggjöf um réttindi móður og þróun eftir tímabilum	22
4.1 Frá heiðni fram að 20. öld	22
4.1.1 Frá landnámi að siðbót.....	22
4.1.2 Siðaskiptin	24
4.1.3 Kyrrstaða og iðnbylting	26
4.2 20. öldin fram til dagsins í dag.....	27
4.2.1 Jafnrétti	28
4.2.2 Fjölskyldustefna	28
4.2.3 Almennatryggingar	29
4.2.4 Umönnunarstefna.....	30
4.2.5 Sifjalöggjöf.....	32
4.2.6 Forsjá barna.....	33
4.2.7 Einstæðar mæður	35
5 Umræða og lokaorð.....	38
Heimildaskrá.....	41

1 Inngangur

Í þessari ritgerð verður fjallað um réttindi og hlutverk móður og sögulega þróun á Íslandi. Fjölskyldur hafa breyst í gegnum tíðina og þar með hlutverk og staða mæðra innan þeirra. Hugmyndafræði og lagasetning hvers tímabils skilgreinir hlutverk og réttindi móður. Frá siðbót hafa einstæðar mæður mætt hremmingum sem dró ekki úr fyrir en um miðja 20. öld (Inga Huld Hákonardóttir, 1992). Með aukinni athygli á réttindum barna síðustu áratugi hefur réttur þeirra verið tryggður með barnalögum. Barn á rétt á báðum foreldrum sínum og hagsmunir þess eiga alltaf að vera í fyrirrúmi hvað varðar málefni þess (Therborn, 1993; Barnalög nr. 76/2003). Með réttindum barna hafa hlutverk foreldra og skyldur breyst og í dag er talað um forsjá barna í stað foreldravalds (Therborn, 1993).

Fyrir upphaf 20. aldar ríkti feðraveldi þar sem karlmenn höfðu nánast öll völd á sinni hendi (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Þeir höfðu mun meira vald yfir börnum sínum en móðirin og við skilnað fylgdu börnin þeim. Miklar breytingar urðu í kjölfar iðnbyltingarinnar og þéttbýlismyndunar í byrjun 19. aldar sem leiddu til þess að staða konunnar varð innan veggja heimilisins að sjá um börn og bú (Sigríður Matthíasdóttir, 2004; Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Með kenningum Freuds (1949) og lærisveina hans á fyrri hluta 20. aldar komu fram fræðilegar kenningar um tengsl móður og barns sem festir mæður enn meira í sessi sem aðalumönnunaraðili barna. Samfara þessum breytingum fóru börn að fylgja móðurinni við skilnað (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

Um miðja 20. öld fara konur að sækjast eftir því að fara út á vinnumarkaðinn, mennta sig og að fá sömu réttindi og tækifæri og karlar (Stefán Ólafsson, 1999). Kvinnahreyfingar náðu fram mikilvægum borgaralegum réttindum fyrir konur og stór þáttur í því var að fá jafnræði hvað varðar atvinnuþátttöku og dreifðari ábyrgð á umönnun barna. Sú barátta hefur verið langsótt og er enn í gangi (Esping-Andersen, 2009). Í dag er þróunin á Íslandi að færast nær jafnrétti kynjanna hvað varðar umönnun barna. Réttur feðra, ímynd og þátttaka þeirra í umönnun barna er í brennidepli

þjóðfélagsumræðunnar og þeir vilja eiga hlutdeild í uppeldi barna sinna (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Með þessa þekkingu í huga er tilgangur ritgerðarinnar að skoða réttindi konu sem móður. Markmið ritgerðarinnar er að svara því hvernig þróun á réttindum móður hefur verið í lögum á Íslandi? Til þess að svara því er notast við fræðilegar heimildir og fyrri rannsóknir innan félagsráðgjafar auk annarra fræðigreina. Mikið er stuðst við lög og þingskjöl til þess að skoða þróun lagalegra réttinda móður. Ritgerðinni er skipt upp í fimm kafla. Á eftir inngangi verður gerð samantekt á kenningum um fjölskylduna, hlutverki og ímynd mæðra með tilliti til samfélagsbreytinga. Í þriðja kafla verður þróun réttinda mæðra skoðuð í sögulegu samhengi og femínísk sjónarhorn útlistuð. Í fjórða kafla verður þróun löggjafar með tilliti til réttinda móður rakin og áhrif hennar á stöðu mæðra. Í umræðum og lokaorðum verða niðurstöður og fræðileg umfjöllun dregin saman og af þeim dregnar ályktanir.

Markmið ritgerðarinnar er mikilvæg í ljósi félagsráðgjafar þar sem eitt af hlutverkum félagsráðgjafa er að ljá ákveðnum hópum samfélagsins rödd (Farley, Smith og Boyle, 2006). Raddir barna og feðra heyrast hátt þessa dagana en rödd mæðra hefur verið lágvær og er áhugavert að beina sjónum að henni. Skilnaðir eru tíðir (Hagstofa Íslands, 2012-b) og er meginreglan að foreldrar séu með sameiginlega forsjá barna sinna eftir skilnað (Barnalög nr. 73/2003). Efni ritgerðarinnar tengist viðfangsefni félagsráðgjafa þar sem þeir veita sérhæfða ráðgjöf til foreldra vegna forsjár, hvort sem foreldrar deila um hana eða eru sammála (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Þá er þekking á lögum mikilvægt vinnutæki félagsráðgjafa (Farley, Smith og Boyle, 2006).

2 Fjölskyldan og hlutverk móður

Til þess að skoða réttindi mæðra þarf fyrst að skilgreina hugtök eins og fjölskyldu, ímynd og hlutverk mæðra. Samsetning fjölskyldna hefur breyst í gegnum tíðina sem og staða móður innan þeirra. Ímynd og hlutverk mæðra er háð samfélags- og menningarlegum þáttum hvers tímabils fyrir sig. Hér á eftir skoðum við þessar breytingar og hvernig þær hafa haft áhrif á hlutverk mæðra.

2.1 Fjölskyldan

Hugmyndir um hlutverk fjölskyldunnar ráðast að miklu leyti af ríkjandi hugmyndafræði hvers tíma og menningarsvæðis. Hugmyndir um hvernig skyldur, kynhlutverk og tengsl skuli ræktuð, hvað eigi og hvað megi. Löggjafinn, fjölmiðlar og einstaklingar eru dæmi um þá sem skilgreina fjölskyldu og fer það eftir tilgangi hvernig hún er skilgreind. Skilgreining Sigrúnar Júlíusdóttur (2001) er almenn og góð og gerir ráð fyrir breytileika.

Fjölskylda er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila saman tómsundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimirnir eru oftast fullorðnar manneskjur af báðum kynjum eða einstaklingur, ásamt barni eða börnum (þeirra). Þau eru skuldbundin hvert öðru í siðferðilegri, gagnkvæmri hollustu (Sigrún Júlíusdóttir, 2001, bls. 140).

Vegna þess hve víð hún er rúmast nær allar fjölskyldugerðir innan hennar. Það sama má segja um þá skilgreiningu sem félagsráðgjafar nota en það er einfaldlega „þeir sem búa saman“ (Sigrún Júlíusdóttir, 2001, bls. 139).

Fjölskyldur njóta yfirleitt ákveðinna skilgreindra lagalegra réttinda. Hið opinbera nær eingöngu til kjarnafjölskyldunnar, það er karl, kona og barn eða börn þeirra og að jafnaði er notast við skilgreiningu Hagstofu Íslands hvað varðar réttindi til handa fjölskyldum.

Kjarnafjölskyldur teljast vera hjón eða sambúðarfólk með eða án barna undir 18 ára, eða einstæðir feður eða mæður með börn á framfæri undir 18 ára aldri. Einstaklingar 18 ára og eldri sem hafa ekki gengið í sambúð eða hjónaband eða hafa barn á sínu framfæri teljast einhleypir, jafnvel þótt þeir dveljist enn hjá foreldrum sínum (Hagstofa Íslands, 2013, bls. 14).

Um aldir hefur fjölskyldan verið frumhópur einstaklingsins þar sem ákveðin verkaskipting ríkir (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Kynbundna verkaskiptingu innan hennar má rekja til líffræðilegra þátta, hugmyndafræði og framleiðsluhátta hvers samfélags.

Aristóteles skilgreindi fjölskylduna sem kjarnaeyningu samfélagsins. Þar mótaðist húsbóndavald, eignaryfirráð og afstaða til undirsáta, til að mynda kvenna og barna (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Þar til um miðja 19. öld byggðist efnahagur þjóða á landbúnaði. Ísland var þó landbúnaðarsamfélag fram á 20. öld (Inga Huld Hákonardóttir, 1992; Newman og Grauerholz, 2002). Það fjölskylduform sem hefur ríkt lengst af er feðraveldið þar sem karlmenn hafa nánast öll völd á sinni hendi. Allt fram á 20. öld voru feður frekar en mæður álitnir frumforeldrið og voru börn álitin eign föðurins (Newman og Grauerholz, 2002; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Fjölskyldan var neyslu- og framleiðslueining sem sá sjálf um þarfir einstaklinganna. Störf karla og kvenna snerust um rekstur býlisins þar sem þau unnu sem félagar (Newman og Grauerholz, 2002). Heimilin voru mannmörg þar sem ættmenni, fósturbörn og vinnufólk tilheyrðu heimilishaldinu (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Ættin var mikilvæg félagsleg eining þar sem ættmenni höfðu margvíslegar skyldur við hana (Ármann Snævarr, 1959).

Eftir því sem fram liðu stundir dvínuðu áhrif ættarinnar sem félagseining og hagkvæmnissjónarmið viku fyrir nýjum hugmyndum (Ármann Snævarr, 1959). Á 17. og 18. öld var farið að horfa á einstaklinginn sem grunneiningu samfélagsins. Hugmyndir komu fram um frjálst val beggja kynja, þar á meðal um stofnun hjónabands þar sem ást var viðurkennd sem grundvöllur hjónabands (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Fjölskyldan þróaðist yfir í kjarna-fjölskyldu. Fjölskyldan var orðin einkamál fólks þar sem nú var aðskilnaður á milli heimilis og vinnu. Á þessum tíma er farið að horfa á börn sem blessun en ekki byrði og þurfti að hlúa vel að þeim bæði líkamlega og tilfinningalega. Samband móður og barns var skilgreint upp á nýtt þar sem móðirin var aðalumönnunaraðili barnsins (Bittman og Pixley, 1997). Hugmyndafræði kirkjunnar ríkti þar sem hjónabandið var talið nauðsynlegt siðferðislega og voru skilnaðir voru lítt þekktir fram á 19. öld (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Iðnbyltingin var tímabil sem hófst á seinni hluta 18. aldar í Bretlandi. Fólksfjölgun og nýjungar í atvinnuháttum leiddu til þéttbýlismyndunar. Íslendingar voru seinir að innleiða nútímahætti og er það ekki fyrr en á seinni hluta 19. aldar að áhrifa þeirra fer að gæta (Stefán Ólafsson, 1999). Þróunin frá bændasamfélagi yfir í iðnaðarsamfélag var hröð og fólk fluttist úr sveitum í borgir og fór að stunda launavinnu (Newman og

Grauerholz, 2002; Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Þetta hafði mikil áhrif á stöðu fjölskyldunnar og var þróunin frá stórfjölskyldu að kjarnafjölskyldu fest í sessi (Bittman og Pixley, 1997).

Meiri og hraðari breytingar hafa orðið á síðustu áratugum heldur en á nokkru öðru tímabili í sögu mannsins (Newman og Grauerholz, 2002; Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Þessar róttæku breytingar rekja upphaf sitt til um það bil 1960. Kjarnafjölskyldan sem hefur verið grundvallarform fjölskyldunnar er á undanhaldi. Í flestum iðnvæddum löndum hefur skilnaðartíðni tvöfaldast á milli 1970-1980 og hefur haldist há síðan. Áður fyrr var fráfall foreldra meginástæða þess að fjölskyldan leysist upp. Skilnuðum var haldið í skefjum með félagslegum, trúarlegum og lagalegum hömlum. Fjölgun skilnaða má rekja til ýmissa þátta, einstaklingshyggja þar sem aukin menntun kvenna, þátttaka þeirra á vinnumarkaði og fjárhagslegt sjálfstæði vega þungt. Minni áhrif eru frá trúarbrögðum þar sem haldið er í heiðri hinni upphöfnu kjarnafjölskyldu. Lagaumhverfið hefur breyst, aukin mannréttindi þar sem réttur til þess að skilja er virtur og ákvæði eru um forsjá barna. Meiri væntingar til hjónabandsins og breyting á hlutverkum kynjanna hefur einnig áhrif. Með fjölgun skilnaða síðustu áratugi alast börn í meira mæli upp hjá einstæðu foreldri, yfirleitt mæðrum, og bera þær meiri fjárhagslega ábyrgð á börnum sínum (Newman og Grauerholz, 2002; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

2.2 Móðir

Í þessari ritgerð á hugtakið móðir við líffræðilega móður. Athyglisvert er að móðir er hvergi skilgreind í lögum nema í 6. grein Barnalaga nr. 76/2003 segir að kona sem elur barn sem getið er við tæknifrjóvgun telst móðir þess (Barnalög nr. 76/2003).

2.3 Ímynd móður

Á þeirri sársælu alvöru- og gleðistund, þegar konan er orðin móðir, stendur hún andspænis hinu dýrlegasta í hlutverki sínu. Hún finnur þá svo ljóst að nú er tilvera hennar einhvers virði, og að nú fyrst er lífið í sannleika sagt þess vert, að því sje lifað (Sigríður Matthíasdóttir, 2004, bls. 267).

Þessi lýsing á vel við ímynd konunnar við upphaf 19. aldar. Með upplýsingastefnunni var ímynd hinnar upphöfnu móður og húsmóður, uppalanda og fræðara fest í sessi. Staða

konunnar var inni á heimilinu og var hún táknmynd þess góða sem ætti ekki að standa uppi í hárinu á eiginmanninum (Erla Hulda Halldórsdóttir, 1997).

Margir telja að það að ganga með barn og fæða það skapi móðureðlið (Newman og Grauerholz, 2002; Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001). Þessi hugsun í dag, sem er álitin almenn, er þó tiltölulega ný þróun (Newman og Grauerholz, 2002). Þó konur hafi að mestu leyti séð um umönnun barna þá var ekki sjálfgefið að það væri móðir þeirra sem gerði það (Newman og Grauerholz, 2002; Williams, 1920). Þar til á 19. öld var hver sú sem ól upp barn álitin móðir þess burtséð frá líffræðilegum tengslum. Börn voru oft sett í fóstur til annarra, vel efnaðar fjölskyldur höfðu vinnuhjú og sáu þá fóstrur um umönnun barnanna (Inga Huld Hákonardóttir, 1992; Williams, 1920). Sú móðurást sem höfð er í hávegum í dag þótti ekki við hæfi og jafnvel grunsamleg. Að fæða barn og annast það var einnig ósamræmanlegt vegna lýðfræðilegra þátta. Vegna hárrar fæðingartíðni og að sama skapi hárrar dánartíðni ungbarna gátu mæður ekki annast börn sín eins og mæður gera í dag (Bittman og Pixley, 1997; Newman og Grauerholz, 2002). Aðeins helmingur barna lifði til 21 árs og móðirin var líkleg til þess að deyja áður en öll börn hennar voru komin á legg. Því var varhugavert að tengjast hverju og einu þeirra sterkum böndum og var það ekki fyrr en um 1920, með samfélags- og menningarlegum breytingum, sem foreldrar gátu búist við að sjá um börn sín til fullorðinsára (Bittman og Pixley, 1997; Newman og Grauerholz, 2002). Auk þess að börn voru send í fóstur voru stofnanir og munaðarleysingahæli ekki óalgeng erlendis (Newman og Grauerholz, 2002). Á þjóðveldisöld þótti ekki óeðlilegt að senda börn í fóstur til þess að tryggja sættir á milli óvina (Inga Huld Hákonardóttir, 1992; Williams, 1920). Það að móðir gæfi barn sitt þótti hvorki óviðeigandi né ónáttúrulegt (Inga Huld Hákonardóttir, 1992; Newman og Grauerholz, 2002; Williams, 1920).

Nú á dögum er áhersla á afleiðingar þess að geta ekki eignast börn og gerðu Hansen, Slagsvold og Moum (2009) rannsókn um hvaða áhrif barnleysi hefur á einstaklinga. Hún leiddi í ljós að barnleysi hefur áhrif á vitsmunalega vellíðan kvenna en hefur ekki áhrif á vitsmunalega vellíðan karla. Vitsmunaleg vellíðan felur í sér tvo þætti, hvernig við metum gæði lífs okkar og svo ánægju með eigið sjálf, það er sálfræust, sjálfsmat og sjálfsvirðingu. Ein skýringin á þessum mun er hugsanlega sú að karlmenn upplifa sjálfstraust sitt í gegnum vinnuna og starfsframa en konur meira í gegnum

móðurhlutverkið. Ef þær eignast ekki börn getur sjálfstraustið beðið hnekki og þeim finnst þær hafa brugðist á einhvern hátt. Barnleysi hefur þó ekki áhrif á tilfinningalega vellíðan fólks en hún var mæld í tilfinningalegu jafnvægi, depurð, þunglyndi og einmanaleika (Hansen, Slagsvold og Moum, 2009).

2.4 Hlutverk móður

Talið er að við upphaf landnáms hafi konur ráðið meiru um eigin hag á Íslandi en síðar varð. Í fornsögunum blandast heiðnar og kristnar kvenímyndir þar sem þeim heiðnu er oft lýst sem sjálfstæðum, stjórnlausum ótemjum sem eiga fátt sameiginlegt með undirgefni, fórnfúsu og barnmörgu eiginkonunni sem varð óskakvengerð siðbótarmanna (Inga Huld Hákonardóttir, 1992). Á þjóðveldisöld stóðu konur jafnfætis mönnum og tóku þátt í samfélagi karla að mörgu leyti. Þó þær hafi ekki átt sæti á Alþingi eða haft skilgreint opinbert hlutverk höfðu þær áhrif á annan hátt. Staða kvenna var sterk í hjónabandinu þar sem þær létu mikið til sín taka í þjóðfélaginu. Þær sáu um uppeldi barnanna og réðu þær mestu innan stokks (Ólafía Einarsdóttir og Unnur Ragnarsdóttir, 1984; Williams, 1920).

Undir lok þjóðveldisaldar nutu íslenskar konur meiri réttinda og virðingar en í rómversk-kaþólsku löndunum þar sem staður kvenna var innan veggja heimilisins að sjá um börn og heimilishald. Goðafræðin gæti skýrt það þar sem karl og kona eru sköpuð á sama tíma og eru því jöfn í upphafi. Auk þess var Ísland jaðarsvæði og gætti áhrifa páfakirkjunnar minna hér (Ólafía Einarsdóttir og Unnur Ragnarsdóttir, 1984). Með siðaskiptunum þegar Íslendingar taka kaþólska trú breytist staða kvenna (Inga Huld Hákonardóttir, 1992). Í rómversk-kaþólsku kirkjunni ríkti feðraveldi. Með viðhorfum Biblíunnar, þar sem Guð skapaði konuna úr rifbeini Adams, voru konur taldar óæðra kynið og áttu þær að vera undirgefnar og bundnar við heimilið. Það lífsviðhorf sem ríkti var að hjónaband væri síðra en einlífi og meydómur. Samlíf milli hjóna naut þó blessunar en kynlíf utan hjónabands var talið syndsamlegt. Í kristni gátu konur neitað að giftast en þá var eina val þeirra að ganga í klaustur. Klaustur sem reist var hér á landi var lagt niður vegna dræmrar aðsóknar kvenna. Íslenskar konur vildu frekar annast fjölskyldu og heimili í stað þess að ganga í klaustur (Ólafía Einarsdóttir og Unnur Ragnarsdóttir, 1984; Williams, 1920).

Með iðnbyltingunni fóru konur í auknum mæli að vinna utan heimilis og unnu þær ekki síður í verksmiðjunum en karlar þó flestar hafi unnið við þjónustustörf (Jón Gunnar Grétarsson, 1993; Newman og Grauerholz, 2002). Þegar verksmiðjuvinna var ekki lengur álitin aukastarf og varð að aðalstarfi í hinu nýja hagkerfi tóku karlar yfir með tilheyrandi völdum og virðingu (Newman og Grauerholz, 2002). Samfara þessari þróun varð aukin aðgreining á milli opinbers lífs og einkalífs. Einkasviðið var helsti vettvangur kvenna, þar sem þær sáu um börn og bú á meðan karlar gegndu skyldum á opinberum og launuðum vettvangi (Edwards, 1993; Sigríður Matthíasdóttir, 2004). Með þessari auknu aðgreiningu og uppgangi borgarastéttarinnar fylgdi ný áhersla á sérstakt eðli kvenna. Í stað þess að skilgreina fólk út frá félagslegri stöðu þeirra var farið að líta á hlutverk þeirra út frá náttúrulegum eiginleikum. Með aldagömlum hugmyndum um konur út frá náttúrulegu, kynbundnu kveneðli varð hlutverk kvenna fyrst og fremst barnauppleidi og heimilishald. Þessar hugmyndir bundu konur enn fastar við einkasviðið (Sigríður Matthíasdóttir, 2004). Konur urðu nú frumuppalendur barnanna og móðurhlutverkið varð hluti af sjálfsmynd kvenna og undirstaða sjálfsvirðingar þeirra (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

Faðirinn vann og sá fjölskyldunni fyrir efnislegum gæðum á meðan móðirin sinnti börnum og heimili. Þessi aðskilnaður olli líkamlegri og tilfinningalegri fjarlægð feðra og barna (Guðný Björk Eydal, 2005; Newman og Grauerholz, 2002). Það var ekki fyrr en seint á 20. öld sem feður fara að taka þátt í lífi barna sinna aftur. Um 1950 á *Baby boom* tímabilinu, þar sem mikil fjölgun á fæðingum barna átti sér stað, var samband föður og barns vakið aftur. Vegna fjölda barna á hverju heimili annaði eitt foreldri því að sinna öllum börnunum og þessi aukna þátttaka feðra skapaðist að mestu leyti af þörf (Newman og Grauerholz, 2002). Enn ríkti þó mismunandi viðhorf til hlutverka kynjanna þar sem litið var á hlutdeild feðra í barnauppleidinu sem aðstoð við móðurina en aðalhlutverk þeirra var enn fyrirvinnuhlutverkið (Newman og Grauerholz, 2002; Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Í dag er hefðbundið hlutverk karla sem fyrirvinna og hefðbundið hlutverk kvenna sem húsmæður að líða undir lok (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Newman og Grauerholz, 2002). Fram til ársins 1970 sá konan um heimilið og börnin og karlinn var fyrirvinna heimilisins. Kvinnabaráttan hvatti konur til þess að ná árangri, sjálfstæði og frama í

starfi og hafna því að örlög þeirra væru að hugsa um heimili og börn. Þegar konur streymdu út á vinnumarkaðinn og sóttu sér æðri menntun varð aukinn þrýstingur á þátttöku karla í heimilisstörfum. Um 1970-2000 var móður- og húsmóðurhlutverkið þó ennþá í höndum kvenna en karlar unnu heimilisstörfin undir verkstjórn þeirra. Konur báru hlutfallslega meiri ábyrgð en feður á heimili og uppeldi barna þrátt fyrir aukna þátttöku þeirra á vinnumarkaðnum. Þær sinntu meira tilfinningalegum þörfum barna sinna og höfðu meiri áhyggjur af velferð þeirra. Til þess var ætlast af mæðrum á meðan það var valkvætt hjá feðrum hvort og hversu mikinn þátt þeir tóku í uppeldinu. Í dag vinna flestir foreldrar úti og þá bæði kynin jafnvel í 100% vinnu og verkaskiptingin er mun jafnari bæði hvað varðar heimilisstörf og umönnun barna (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Newman og Grauerholz, 2002). Umönnun barna og heimilisstörf eru þó enn að stærri hluta í höndum kvenna eða um 60% (Auður Arna Arnardóttir, 2008).

2.4.1 Tengslamyndun

Með kenningum Freuds (1949) og lærisveina hans í byrjun 20. aldar varð samband móður og barns í brennidepli. Um þetta leyti var farið að viðurkenna bernskuna og að börn hefðu sérþarfir sem bæri að virða. Móðirin var sú sem var heima með börnin, annaðist þau og sinnti tilfinningalegum þörfum þeirra. Með þessu urðu börn tilfinningaleg eign móður í stað þess að vera veraldleg eign föðurs (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

Tengslamyndunarkenning fjallar um hvernig við tengjumst öðrum á lífsskeiðinu mótist af fyrsta sambandi okkar við aðal umönnunaraðila okkar, sem bæði áður fyrr og nú í dag er oftast móðirin (Beckett og Taylor, 2010). Fræðimenn (Ainsworth, Blehar, Waters og Wall, 1978; Bowlby, 1951; Mahler, Pine og Bergman, 1975; Winnicott, 1971) sóttu hugmyndir til Freuds (1949) og komu fram með kenningar sem allar miðuðu að tengslum barns við móður. John Bowlby er talinn faðir tengslamyndunarkenninga (Beckett og Taylor, 2010; Phoenix, Woollett og Lloyd, 1991). Hann lagði áherslu á persónuleika foreldra og ytri þætti sem hefðu áhrif á þroska barna. Samkvæmt tengslakenningum Bowlby (1951) er áhersla lögð á mikilvægi umönnunar frá hendi móður. Þungamiðjan í kenningum hans var að skoða hvaða áhrif aðskilnaður barns við móður hefur á þroskamyndun þess og þá ekki eingöngu líkamlegur aðskilnaður heldur líka það að vera ekki í tilfinningalegum tengslum við móður sína. Kenningar sínar

sannreynði hann meðal annars með rannsóknum á hegðun dýra (Beckett og Taylor, 2010). Hann hélt því fram að gæði tengsla á milli móður og barns fyrstu þrjú árin hefðu áhrif á þróun persónuleika þess seinna meir (Phoenix, Woollett og Lloyd, 1991). Bowlby taldi að kærleikur móður til barns væri jafn mikilvægur fyrir andlega heilsu þess eins og vítamín og prótein væru fyrir líkamlega heilsu þess. Missti barn af þessum tengslum gæti það leitt til geðrænna vandkvæða síðar meir (Bowlby, 1951).

Kenningar Bowlby (1951) hafa verið gagnrýndar fyrir að horfa eingöngu til móður en ekki föðurs og annarra umönnunaraðila. Femínistar hafa gagnrýnt kenningar Bowlby (1951) fyrir að „binda konurnar við heimilið“ þar sem hann gaf til kynna að yfirgæfi móðir barn sitt leiddi það til langvarandi sálræns skaða fyrir barnið sem og líkamlegrar og siðferðilegrar vanrækslu (Burman, 1994; Lister, 2003; Rutter, 1981). Því hefur verið haldið fram að hugmyndir Bowlby (1951) réttlættu það að halda konum frá vinnumarkaðnum í kjölfar stríðsáranna þegar ætlast var til að þær væru heimavinnandi. Kenningin gat verið notuð sem yfirvarp fyrir því að útvega ekki góð dagvistunarúrræði eða til þess að neita konum um jafna stöðu á við menn á vinnumarkaði. Kenningin hefur einnig verið gagnrýnd fyrir að halda í heiðri hinni vestrænu kjarnafjölskyldu sem kjörastæður fyrir barnaupveldi en taka ekki tillit til annarra uppeldisaðstæðna. Þá hefur hún lagt aukið álag á mæður þar sem þær eru gerðar einar ábyrgar fyrir velferð barnsins (Beckett og Taylor, 2010; Phoenix, Woollett og Lloyd, 1991).

Eftir því sem tengslamyndunarkenningin hefur þróast hefur hún innleitt hluta af þessari gagnrýni. Í dag er talið að barn tengist þeim sem annast það og veitir því öryggi og vernd hver svo sem það er og getur það tengst fleiri en einum umönnunaraðila (Beckett og Taylor, 2010). Gæði tengsla fara ekki eftir kyni umönnunaraðila heldur tengist barnið þeim sem sinnir því. Þar sem móðir gefur barni brjóst þá tengist það yfirleitt móðurinni fyrst. Feður er þó alveg jafnhæfir til þess að veita börnum nauðsynlega umönnun þó möguleikinn á að tengjast þeim í gegnum brjóstagið sé ekki fyrir hendi (Ingólfur V. Gíslason, 2002).

2.5 Skilnaðir og börn

Með rannsóknum á sálfræði og þroska barnsins og ímynd móður í byrjun 20. aldar hefur móðirin verið talin náttúrulegur umönnunaraðili barnsins og fara börn því að fylgja móðurinni við skilnað (Cunningham, 2005; Newman og Grauerholz, 2002; Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008).

Sigrún Júlíusdóttir (1997) fjallar um mismun kynjanna í foreldrahlutverkinu undir lok 20. aldar. Þar kemur ómeðvituð hollustukvöð við kynhlutverkin fram þar sem ábyrgð mæðra er á heimilinu og feður eru fyrirvinna heimilanna. Við skilnað virðast mæður halda svo fast í umönnunarkvöð og ábyrgð sína að þær óska ekki eftir að feður taki meiri ábyrgð á daglegu uppeldi barnanna. Einnig kemur fram í rannsókninni *Áfram foreldrar* frá árinu 2000 að eftir að sameiginleg forsjá varð möguleg að mæður voru ekki eins viljugar að deila forsjánni eins og feður (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Yngri foreldrar og menntaðar mæður kusu þó frekar að vera með sameiginlega forsjá en eldri foreldrar og ómenntaðar mæður. Væntingar mæðra, sem og feðra, til sameiginlegrar forsjár voru að foreldrar bæru jafna ábyrgð á uppeldi barnsins eftir skilnað. Af því má álykta að það stafi af breyttu viðhorfi þar sem jafnréttisáherslur og hagsmunir barna eru í forgangi og mæður óski eftir þátttöku feðra. Rannsóknin *Ungmenni og ættartengsl* frá árinu 2008 sýnir að eftir skilnað foreldra gegnir móðirin þó ennþá lykihlutverki í lífi barnanna (Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008). Foreldrar eru að færast nær jafnari ábyrgð beggja foreldra og jafnari samvista þeirra með börnum sínum (Sigrún Júlíusdóttir, 2009).

Í þessum kafla sjáum við að fjölskyldur hafa tekið breytingum frá því að vera stórfjölskyldur þar sem faðir hafði öll völd á sinni hendi yfir í kjarnafjölskyldur. Aðalhlutverk móður innan þeirra hefur lengst af verið að sjá um börn og heimili. Með tilkomu eðlishyggjunnar eru börn talin tilfinningaleg eign móður og fylgja henni ef til skilnaðar kemur. Í þróuninni í átt að jafnrétti hafa mæður verið tregar við að sleppa taki af hlutverki sínu sem aðalumönnunaraðilar barna.

3 Réttindi móður

Eftir að hafa skoðað stöðu og hlutverk móður eftir breytilegum tíðaranda verður réttindum móður gerð skil. Í þessum kafla verður fjallað um þróunina á réttindum móður og þá þætti sem hafa áhrif á þau. Með tilkomu réttinda barna hafa hlutverk foreldra breyst. Þjóðardómstólar hafa haldið því á lofti að börn hafa sjálfstæði réttindi sem eru framar foreldravaldinu (Newman og Grauerholz, 2002; Therborn, 1993). Móðurrétturinn sem slíkur er ekki sérstaklega skilgreindur heldur er hægt að túlka hann út frá félagsmótun kynjanna í gegnum samfélag, orðræðu og menningu þar sem hlutverk kynjanna koma fram (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

3.1 Réttindi móður og skyldur

Réttindi fela í sér kröfu um að vera meðhöndlaður á ákveðinn hátt. Krafan er réttlætanager á þeim grundvelli að í sérhverjum einstaklingi felst virði óháð dyggðum, hæfileikum og gildi hans fyrir aðra (Axford, 2008).

Í lok 19. aldar og í byrjun þeirrar 20. fóru viðhorf alþjóðasamfélagsins til stöðu barna að breytast (Hrefna Friðriksdóttir, 2009-a). Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, í daglegu tali kallaður Barnasáttmálinn, var samþykktur árið 1989. Hann felur í sér að börn séu hópur sem hafa sjálfstæði réttindi og að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram fullorðna. Í 9. grein Barnasáttmálans segir að börn eigi rétt á báðum foreldrum sínum og rétt til þess að alast upp í öruggu fjölskylduumhverfi. Alist börn ekki upp hjá báðum foreldrum sínum eiga þau rétt á að umgangast þá báða reglulega (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992). Í íslensku barnalögnum er þessu nánar gert skil og þar sem barn á rétt á að þekkja báða foreldra sína er móður skylt að feðra barn sitt. Barn á rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja. 28. grein Barnalaga nr. 76/2003 skilgreinir almennt inntak forsjár. Foreldrar eru forsjárskyldir og ber að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu. Þeim ber að gegna forsjár- uppeldisskyldum svo sem best hentar hag barns og þörfum (Barnalög nr. 76/2003).

Foreldrar sem eru í hjúskap eða í skráðri sambúð fara sameiginlega með forsjá barna sinna og við skilnað er meginreglan sú að sameiginleg forsjá haldist.

Jafnréttisáherslur Barnalaganna með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi tilgreina engin sérstök réttindi mæðra utan 29. greinar sem veitir móður óskoraðan rétt til forsjár barns. Þar segir að sé móðir hvorki í hjúskap né skráðri sambúð við fæðingu barns fer hún ein með forsjá þess (Barnalög nr. 76/2003). Þetta hefur verið gagnrýnt og er ekki í samræmi við jafna stöðu foreldra. Haraldur Einarsson (2014) bendir á að eðlilegra væri að forsjá barns væri sameiginleg óháð hjúskaparstöðu en hægt væri svo að semja um annað. Það væri í samræmi við þá meginreglu að við skilnað foreldra fari þeir sameiginlega með forsjá barns auk þess sem réttur þess á að vera í forgangi.

Þó ekki sé talað um barnshafandi konu sem móður þá veita lög um fóstureyðingar konu full réttindi hvað varðar barneignir. Kona getur sótt um fóstureyðingu óski hún þess án þess að maður sem að getnaðinum kemur hefur eitthvað um það að segja. Í 13. grein laganna er eingöngu tekið fram að sé þess kostur, skal maðurinn taka þátt í umsókn konunnar (Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975).

Af þessu má sjá að mæður hafa ýmsum skyldum að gegna gagnvart börnum sínum sem eru þær sömu og feðra. Móðir hefur þó alltaf forsjá barns við fæðingu þess, hvort sem um er að ræða sameiginlega með maka eða ekki. Einstæður mæður njóta fullra réttindi hvað varðar forsjá barns við fæðingu þess. Fóstureyðingar almennt séð eru afar umdeildar og réttur til að taka slíka ákvörðun ekki síður. Það er þó efni í aðra ritgerð en réttur tilvonandi móður til þess að geta tekið ákvörðun um að fara í fóstureyðingu er mikilvægur.

3.2 Þróun réttinda móður

Umræðan um mannréttindi byrjaði fyrir um það bil 400 árum síðan (Alderson, 2008). Réttindi mannsins varða persónuvernd, rétt til eignarhalds og frelsis, til að mynda til hugsunar, samvisku og trúar. Eins og vel er vitað voru þessi réttindi upphaflega ekki fyrir alla menn og konur heldur eingöngu hvíta evrópska karlmenn. Konur og börn voru talin of ósjálfstæð og órökvis til þess að hafa þessi réttindi (Alderson, 2008).

Síðustu 400 ár hefur verið farið að horfa öðruvísi á tengsl foreldra og barna en sögulega séð hafa foreldrar haft ótakmarkað vald yfir uppeldi barna sinna (Newman og Grauerholz, 2002; Therborn, 1993). Seint á 19. öld beindist athygli að ofbeldi og vanrækslu gagnvart börnum. Í framhaldi af því var farið að gefa réttindum barna meiri

gaum og Barnaverndarlög voru sett víða í byrjun 20. aldar. Misjafnt er á milli landa hversu seint eða snemma þau innleiddu lög um réttindi barna. Norðurlöndin hafa verið í forystu hvað það varðar og voru jafnvel 70-75 árum fyrr en önnur lönd í Vestur-Evrópu. 20. öld einkenndist af félagslegu lýðræði og er sjónarhorn femínista mikilvægt í því samhengi. Hugmyndafræði einstaklingshyggju byrjaði með frelsisbaráttu karla og baráttu kvenna fyrir einstaklingsréttindum. Frelsi barna frá foreldravaldinu byrjaði hálfri öld á eftir fyrstu sigrum kvenna. Karlabaráttan snerist um frelsi frá lénsskipulagi, þrælahaldi og öðru félagshagfræðilegu (e. *socioeconomic*) einveldi á meðan frelsisbarátta kvenna og barna var frá feðraveldinu. Í stað feðraveldis er áherslan á foreldrajafnrétti og hafa að leiðarljósi það sem barni er fyrir bestu. Virða á sjálfstæði og grandvarleika barnsins, eða það sem Therborn kallar á ensku „integrity rights“, og er það skylda foreldra að hlusta á barnið. Með réttindum barnsins hafa hlutverk foreldra breyst og í dag er talað um forsjá barna í stað foreldravalds (Therborn, 1993).

Börn skulu njóta jafnréttis óháð stöðu foreldra þeirra. Í flestum vestrænum ríkjum hafa óskilgetin börn, það er að segja börn fædd utan hjónabands, ekki haft neinn rétt og verið fordæmd. Þó mæður hafi haft óskilgetin börn sín hjá sér á 19. öld þá tilheyrðu þau hvorki móður né föður (Barnes, Day og Cronin, 1998). Réttur óskilgetins barns þótti ógnun við húsbóndavaldið, heilagleika hjónabandsins og stöðugleika þjóðfélagsins. Í sumum löndum var jafnvel gengið svo langt að kona mátti ekki höfða mál vegna faðernis. Hún átti að taka afleiðingum ólífnaðar síns en lagalega var verið að vernda karlmenn fyrir kynlífsathöfnum sínum (Therborn, 1993).

Með Barnasáttmálanum frá 1989 voru réttindi barna nokkurn veginn fullmótuð. Ísland hefur verið á toppnum ásamt hinum Norðurlöndunum í þróun réttinda barnsins bæði með jafnréttisáherslum og lögum um samband foreldra og barna (Therborn, 1993). Réttindi mæðra og réttindi barna eru svo samtvinnuð að óhjákvæmilega viðkemur það jafnrétti kynjanna. Síðan um 1970 hafa femínísk fræði leitast við að gera umönnun barna sýnilegri þar sem hún er aðallega í höndum mæðra og hvaða áhrif það hefur á aðgang kvenna að efnislegum gæðum og félagslegri stöðu innan fjölskyldunnar, á vinnumarkaði og í samfélaginu (Moss og Brannen, 2003).

3.3 Sjónarhorn femínista

Femínistar líta svo á að feðraveldið geri völd karla yfir konum möguleg með því að styðja þau félagslegu hlutverk sem réttlæta völd karla (MacKinnon, 2001). Samkvæmt femíniskum fræðimönnum er stígveldisskipt valdkerfi dæmigert fyrir samfélagsbyggingu feðraveldisins. Völd eru á höndum fárra einstaklinga, oftast karla sem eru efst á valdapírámídanum (Douglas, 2004). Heimsspekingurinn John Stuart Mill (2003) skrifaði á 19. öld að yfirráð karla yfir konum væri það kerfi sem fastast væri í sessi. Útilokun kvenna frá borgaralegum réttindum nær alveg aftur til Grikklands til forna (Lister, 2003). Samkvæmt eðlishyggjuni þóttu yfirráð karla náttúruleg og hluti af eðli þeirra (Sigríður Matthíasdóttir, 2004).

Hugtakið ríkisborgararéttur felur í sér mismunandi þætti með tilliti til tíma og rúms. Með fullum borgaralegum réttindum sameinast lagalegir, stjórnómálegir og félagslegir þættir. Sjálfstæði, réttindi og ríkisborgararéttur kvenna urðu ekki viðurkennd í Bandaríkjunum og Bretlandi fyrr en á seinni hluta 19. aldar (Lister, 2003). Þetta voru þó ekki full réttindi eins og viðurkennd eru í samningum og lögum í dag. Giftar konur voru ekki með fjárhagslegt sjálfstæði, höfðu ekki aðgang að menntun né atvinnu og höfðu ekki forsjá barna sinna (Lister, 2003).

Kvennahreyfingar hafa átt mikinn þátt í þróun á réttindum kvenna. Femínistar hafa barist gegn rótgrónu feðraveldi, mismunun kynjanna og þeirri klemmu foreldra, aðallega mæðra, með að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf (Esping-Andersen, 2009). Konur fengu pólitísk réttindi á undan borgaralegum réttindum en þrátt fyrir það höfðu þær ekki sama frelsi og karlmenn fram eftir 20. öldinni (Lister, 2003). Í dag eru pólitísk og borgaraleg réttindi kvenna viðurkennd. Með aukinni þátttöku á vinnumarkaði á síðari hluta 19. aldar og aðgangs að menntun jókst efnahagslegt sjálfstæði kvenna. Með notkun getnaðarvarna varð fæðingartíðni lægri og með skilnaðarlögum og minni áherslu á hjónaband eru konur meira mæli einar með börnin sín. Konur vilja þó eignast börn og því kalla þær eftir jafnrétti með ókynjaskiptum hlutverkum og nýrri félagsmálastefnu ríkisins (Esping-Andersen, 2009). Barátta fyrir réttindum kvenna er þó ekki enn fullmótuð. Þó konur hafi sömu lagalegu réttindi og karlar er launamisrétti enn til staðar og gegna konur í fæstum tilvikum stjórnunarstöðum. Konur bera enn meginábyrgð á uppeldi barna og heimilisstörfum þrátt fyrir miklar breytingar á hlutverki kvenna og

fjölskyldna. Staðalmyndir karlmennsku og kvenleika liggja enn djúpt í menningunni (Þorgerður Einarsdóttir, 2006).

Þróun réttinda móður hefur verið frá feðraveldinu þar sem móðir var nánast réttindalaus yfir í jafnrétti kynjanna. Þróun réttindi einstæðra mæðra hefur verið mun öfgafyllri þar sem hún hefur farið frá því að móðir eigi engan rétt til barns yfir í það að hafa ein fulla forsjá með því.

4 Löggjöf um réttindi móður og þróun eftir tímabilum

Eftir að hafa greint frá þeirri þróun sem leitt hefur til réttinda móður skoðum við hvernig lagaleg staða hennar hefur verið frá því að hér byggðist land. Farið verður í þróun laga með tilliti til samfélagsbreytinga og ytri þátta sem hafa áhrif á réttindi móður.

4.1 Frá heiðni fram að 20. öld

Grágás er lagasafn Íslendinga á þjóðveldisöld, hún er réttargrundvöllur og baksvið fornsagna okkar en einnig heimild um hugsunarhátt og daglegt líf á Íslandi á fyrstu öldum byggðar (Grágás, 1992). Elstu ákvæði hennar voru skráð árið 1120 og ríkir mikið karlavelði í lögum hennar. Í Jónsbók sem tók við af Grágás árið 1281, og Járnsíðu sem hafði gilt í áratug á undan, er hagur kvenna enn þrengdur (Inga Huld Hákonardóttir, 1992). Vitnað var í Jónsbók fram undir aldamótin 1600 auk annarra réttarbóta, til að mynda Kristinrétt Árna biskups og lagabálka frá norska og danska konungnum (Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, 1998; Inga Huld Hákonardóttir, 1992). Rannsóknir sem fjalla sérstaklega um mæður á þessu tímabili eru ekki mjög aðgengilegar. Skrif Ingu Huldar Hákonardóttur, *Fjarri hlýju hjónasængur*, fjallar um Íslandssöguna út frá konum og er mikið stuðst við þau.

4.1.1 Frá landnámi að siðbót

Þrátt fyrir sterka stöðu kvenna á heiðnum tíma voru lífsskilyrði þeirra ekki sem best. Líf kvenna var stutt því margar létust af barnsförum. Margar konur voru ógiftar, hvort sem þær voru göngukonur, vinnukonur, ambáttir eða hjákonur húsbænda. Ekki þótti mikið tiltökumál að ógift kona eignaðist barn. Grágás fordæmdi ekki snauða ógifta móður þar sem hún hafði ekki brotið af sér samkvæmt lögnum og nutu göngukonur jafnvel vissrar umhyggju af hálfu laganna þegar þær voru með barni. Börn fædd utan hjónabands voru alin upp eða studd af feðrum sínum (Inga Huld Hákonardóttir, 1992; Williams, 1920).

Á þjóðveldisöld þótti mikil ógæfa fyrir hjón að eignast ekki börn. Börn voru þó borin út og var það faðirinn sem réð því hvort barn fengi að lifa eða ekki. Mæður höfðu í einhverjum tilvikum eitthvað um það að segja, eða þær komu jafnvel barninu undan án vitundar föðurs. Margar sögur fara af börnum sem hafa verið borin út en þeim hafi verið bjargað og úr þeim hafi orðið hinir efnilegustu mannkostir. Eflaust áttu þær sögur að vera huggun fyrir þær

konur sem neyðst höfðu til þess að bera út börnin sín (Inga Huld Hákonardóttir, 1992; Williams, 1920).

Ákvæði Grágásar um framfærslu barna eru ekki fyllilega samhljóða. Skilnaðir voru ekki óhugsandi og segir í Grágás að faðir skuli framfæra börn sín, önnur segir að þurfi hjón af einhverjum ástæðum að skipta upp búi hefur kona 1/3 framfærsluskyldu barna sinna en faðir 2/3 (Grágás, 1992; Inga Huld Hákonardóttir, 1992). Á öðrum stað segir að óskilgetnum börnum beri móður eða móðurforeldrum þeirra að framfleyta væri móðirin fátæk og lágt sett (Williams, 1920). Feður óskilgetinna barna sáu þó oft sjálfviljugir fyrir börnum sínum. Möguleiki var fyrir feður að gangast við börnum hvort sem móðir væri ambátt eða frjáls kona (Inga Huld Hákonardóttir, 1992). Liggi maður með frændkonu, annars manns konu eða nunnu gerist hann sekur um legorðsbrot (Grágás, 1992). Í lögum um legorðsbrot kemur fram að sektir ákvarðast af þjóðfélagsstöðu konunnar. Lægst allra er göngukona og eru engin viðurlög nema barn verði úr. Föðurnum er þá skylt að gangast við barninu og greiða framfærslu þess (Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, 1998).

Á tímum miðaldakirkjunnar verður til ákærvald og dómsvald í siðferðismálum og kirkjan verður opinber saksóknari. Hjákonuhald var bannað en þó bara í orði en ekki á borði. Engin ákvæði voru um ástir ógiftra nema að þeim bar að skriftra og greiða sektir vegna barneigna og virðast barnshafandi ógiftar vinnukonur jafnvel hafa notið einhvers konar stuðnings kirkjunnar (Inga Huld Hákonardóttir, 1992; Ólafía Einarsdóttir og Unnur Ragnarsdóttir, 1984). Einnig má sjá virðingu fyrir mæðrum með því að framfærsla móður lá á börnum hennar, jafnvel þó það þýddi skuldaþrælkun fyrir þau (Ólafía Einarsdóttir og Unnur Ragnarsdóttir, 1984).

Fyrir siðaskipti þóttu barneignir ógiftra ekki stórglæpur (Inga Huld Hákonardóttir, 1992). Að vera giftur eða skilgetinn snerist aðallega um efnahag en ekki siðferði. Lagalega séð skipti mestu máli að barn væri feðrað. Móðir átti að lýsa yfir faðerni barnsins og gæti sá maður ekki hrakið það stóð það og hann var framfærsluskyldur að 2/3 þar til barn næði 16 ára aldri. Staða kvenna í faðernismálum var því sterk og málin fyrntust aldrei. Neitaði móðir hins vegar að segja til barnsföður voru ákvæði í Grágás (1992) sem heimilaði sækjanda ásamt fimm bændum úr nágrenninu að pynta mætti hana til sagna. Gæta þurfti þó að hrottaskapnum því ekki mætti skemma hana svo örkuhl hlytist af. Hjákona, eða *frilla* eins og þær voru nefndar áður fyrr var ekki til í íslenskum lögum fyrr en í Jónsbók. Munurinn á hjákonu og eiginkonu

var efnahagurinn og fengu börn hjákonu ekki arf eftir föður sinn (Ólafía Einarsdóttir og Unnur Ragnarsdóttir, 1984).

4.1.2 Siðaskiptin

Með siðaskiptunum 1550 hvarf allt umburðarlyndi og siðferðismál voru tekin föstum tókum. Stjórnarfarslegar breytingar urðu á 16. öld, valdatíma miðaldakirkjunnar lauk og ríkið varð æðsta vald. Alþingi varð löggjafi og kóngur hæstiréttur. Hjónabandið varð heilög stofnun, kjarnafjölskyldan tekur við af ætt sem grunneiningu samfélagsins og skilnaðir voru bannaðir. Æðsta kvenímyndin var eiginkonan sem lifði í skjóli og skugga eiginmannsins og staður hennar var innan veggja heimilisins. Lögum gegn hjákonuhaldi var harðlega framfylgt og hálfgerðar ofsóknir voru gegn ógiftum mæðrum. Gjáin á milli ógiftra og giftra kvenna breikkaði (Inga Huld Hákonardóttir, 1992).

Stóridómur, sem var samþykkt um siðferði, var staðfestur á Íslandi árið 1565. Hann tók á legorðsbrotum, það er barneignum fólks sem mátti ekki eigast. Skammt var liðið frá siðaskiptunum og álitíð var að það þyrfti að taka á lauslæti í samfélaginu eins og í fleirum löndum þar sem lútherstrú ríkti. Hýðingar, sektir og fangelsisvist lágu við léttvægari sökum og þar sem ógiftar konur höfðu oftast ekki ráð á að greiða sektir var þeim refsað með hýðingum. Fordæming samfélagsins var mikil og báru þær oft viðurnefnið „hýdd hóra“. Þyngstu refsingarnar hlutu þeir sem frömdu frændsemisspjöll en við lá dauðadómur og var eina sönnunin sem fyrir því fékkst að barn yrði úr. Sifjaspell var skilgreint mjög vítt og taldist til dæmis að eiga barn með feðgum eða bræðrum glæpur og skipti þá ekki máli hvort annar var látinn áður en kona komst í tygi við hinn. Þó stjúpfeður og feður nauðguðu dætrum sínum og úr varð barn voru þær einnig teknar af lífi. Viðhorf til nauðgana breyttist mjög við siðbót (Inga Huld Hákonardóttir, 1992). Áður þótti nauðgun glæpur og var hefnt eða krafist sekta vegna spjalla á konunum. Eftir siðbót var talið að ekki væri hægt að nauðga öðrum en óspjölluðum meyjum og guðhræddum ekkjum. Fullyrðingar miðaldaklerka um að flestar konur væru fúsar til hvílubragða, hversu ófímlega sem eftir þeim var leitað, lifðu áfram löngu eftir að hætt var að taka konur af lífi fyrir siðferðisbrot. Örlög kvenna gátu því verið ansi grimmi þar sem þeim var nauðgað, jafnvel kennt um það sjálfum og síðan drekkt (Inga Huld Hákonardóttir, 1992).

Refsingar Stóradóms við barneignum ógiftra og ofstækisfullur tíðarandi vöktu mikla skelfingu sumra sem áttu börn utan hjónabands. Ógift þar sem og einstæðar mæður sem

ekki áttu stuðning föður vísan gripu til þess ráðs að deyða nýfædd börn sín og grafa þau í leyri og voru það kallað dulsmál. Fyrir 1635 lágu við því háar sektir og skyldu foreldrar skrifa en árið 1635 skipaði konungur að dauðarefsing lægi við. Bæði konur og karlar voru tekin af lífi fyrir sífjaspell gagnstætt því sem átti sér stað í dulsmálum þar sem konunum var aðallega drekkt og kipptu sér ekki margir uppvið það að vesælum vinnukonum væri drekkt fyrir að bera út börn sem þær gætu ekki séð um vegna örbirgðar. Giftir foreldrar voru þó aldrei teknir af lífi fyrir dulsmál. Jafnrétti varð á milli karla og kvenna í fyrsta skipti í veraldlegum lögum, það er á sviði refsilaga sem varða barneignir. Eftir siðbót var konum því drekkt í tengslum við það líffræðilega hlutverk að verða mæður utan við lög og rétt. Faðirinn var oftast en ekki höggvinn. Hætt var að framfylgja dauðadómum um miðja 18. öld og voru þeir yfirleitt mildaðir í sektir eða hegningarvinnu (Inga Huld Hákonardóttir, 1992).

Strangleiki gagnvart börnum ógiftra var til þess að stemma stigu við að fólk eignaðist börn sem það hvorki vildi né gat séð um (Inga Huld Hákonardóttir, 1992). Giftar mæður og börn þeirra voru þó blessuð og beðið fyrir í kirkju. Siðabótarmenn brýndu fyrir mönnum að þeir veittu konum sínum hvíld í eftir fæðingu og henni skuli hlíft svo hún gæti mjólkað barni sínu vel. Tilgangurinn var að vernda barnið og stuðla að því að konan eignaðist fleiri börn. Mikill munur var þó á stöðu mæðra innan og utan hjúskapar (Inga Huld Hákonardóttir, 1992).

Líf ógiftar vinnukonu sem eignaðist barn varð samfelld píslarganga. Væri faðir til staðar en snauður máttu þau ekki giftast vegna banna við giftingum jarðnæðislausra og stangaðist þetta harðlega á við boð lúthersmanna um að fólk ætti að ganga í hjónaband. Því var ekki hlaupið að því fyrir vinnukonur að eignast börn á heiðvirðan hátt þar sem hjúskaparlíkur þeirra voru daufar. Eftir sem áður báru karlar litla ábyrgð á óskilgetnum börnum sínum og vinnukonur fengu sjaldnast að hafa börn sín hjá sér. Börn umkomulausra vinnukvenna voru hrifsuð af þeim nýfædd og sett í fóstur þar sem minnst þurfti að leggja með þeim. Ófrískar konur gengu oft á milli bæja og báðust griða til þess að eiga barn sitt. Blátt bann var við því að hýsa ófrískar konur og lágu háar sektir við því væri það ekki tilkynnt. Mikil synd var fyrir ógiftar konur að eignast börn og þjáðust þær fyrir tilstuðlan bæði umhverfis og eigin samvisku (Inga Huld Hákonardóttir, 1992). Hvorki ráð gegn þungun né fóstureyðingar voru aðgengilegar á þessum tíma og gerði það konum erfiðara fyrir. Notkun getnaðarvarna og fóstureyðingar voru fyrst leyfðar í lögum árið 1935 með lögum nr. 38/1935 um fræðslu fyrir

konur um getnaðarvarnir og fóstureyðingar (Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, 1998).

Frjósemi giftra kvenna á Íslandi var mikil. Barneignum var þó skipt mjög ójafnt á konur þar sem giftar konur eignuðust sumar svo mörg börn að það gekk nærri heilsu þeirra á meðan þær ógiftu fengu ekki að eiga nein börn. Húsbændur áttu þó oft börn með vinnukonunum. Þær giftu þurftu að sætta sig við það því skilnaður var óhugsandi því þá hefðu þær ekki í önnur hús að venda. Þær yrðu sjálfar að gerast vinnukonur eða sveitaómagar, eins og oft lá fyrir ekkjum. Félli húsbóndi frá var ekkjan og börn hennar send burt og búið og öllu sem því fylgdi boðið upp. Dygðu eignir ekki fyrir skuldum var fjölskyldan sjálf boðin upp. Mæður fóru á bæi sem buðu hæst en börn á bæi sem buðu lægst. Slík uppboð voru ekki afnumin fyrr en árið 1907 (Inga Huld Hákonardóttir, 1992).

4.1.3 Kyrrstaða og iðnbylting

Upp úr 1700 er sambúð fólks í kristilegum skorðum. Siðbótin fleytti mörgum hjákonum úr ótryggum kjörum í skjólsæla höfn vígðar sambúðar. Kyrrstaða ríkti þar sem staður konunnar var innan hjónabands að sinna heimili og börnum. Ógiftar mæður voru litnar hornauga og áttu lítinn rétt til barna sinna og jafnvel engan gætu þær ekki séð fyrir þeim. Þær voru oftar en ekki aðskildar frá börnum sínum og enduðu líf sitt sem útslitnar vinnukonur (Inga Huld Hákonardóttir, 1992). Hvað varðar þróun í átt að nútímafjölskyldu var skortur á inngripi stjórnvalda samofið lagalegum stuðningi við yfirráð karla innan fjölskyldunnar. Lagaleg réttindi móður þróuðust hægt og konur og börn voru háð duttlungum mannsins (Bittman og Pixley, 1997).

Helstu réttarbætur voru til handa ekkjum og lög um meðlagsgreiðslur barna og árið 1800 var farið að veita hjónum skilnað reyndust sáttameðferðir gagnslausar. Árið 1769 fengu ekkjur forræði barna sinna svo lengi sem þær væru ekki giftar aftur auk þess sem þær fengu að sitja í óskiptu búi um ákveðinn tíma eftir að eiginmaður féll frá. Nokkru seinna eða árið 1788 var hagur ekkna og barna þeirra tryggður með tilskipun um framlag embættismanna í lífeyrissjóð ekkna (Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, 1998). Meðlagsgreiðslur á Íslandi tíðkuðust frá upphafi landnáms eins og sjá má í Grágás og Jónsbók þar sem faðir og ætt hans sáu fyrst og fremst um framfærslu óskilgetins barns. Barneign með ógíftri konu var talið brot gegn henni og ætt hennar og var þá framfærslan nokkurs konar miskabætur (Davíð Þór Björgvinsson, 1995). Helsti tilgangur þess að faðir framfærði börn sín

var til þess að koma í veg fyrir að börn lentu á framfæri sveitarinnar (Davíð Þór Björgvinsson, 1995; Gísli Gíslason, 2008). Með lögum um meðlagsgreiðslur frá árinu 1763 bera báðir foreldrar jafna ábyrgð hvað varðar uppeldi og framfærslu barns. Mæðrum var þó ekki tryggður þessi réttur að fullu, greiddi faðirinn ekki, fyrr en árið 1907 með gildistöku fátækralaga nr. 44/1905 (Davíð Þór Björgvinsson, 1995; Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, 1998; Gísli Gíslason, 2008).

Fram til ársins 1880 var Ísland kyrrstöðupjóðfélag. Sárálitlar breytingar urðu á íslensku samfélagi fyrir þann tíma. Um 90% þjóðarinnar bjó í sveit og lifði á landbúnaði. Iðnbyltingin sem hófst um miðja 19. öld var forsenda framfara. Örla fer á tæknivæðingu og sjávarútvegur eflist. Breyttir atvinnuhættir og möguleikar til menntunar leiddu til þéttbýlismyndunar og breyttrar stöðu kvenna. Löggjöf um málefni fjölskyldunnar varð frjálsum og um og uppúr aldamótunum 1900 breyttist réttarstaða kvenna verulega. Eftir seinni heimsstyrjöldina urðu þjóðfélagsbreytingar enn meiri. Á þessum áratugum varð bylting á aðstæðum fjölskyldunnar í íslensku samfélagi (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Frá heiðni hafa mæður verið nánast réttindalausar hvað börn sín varðar. Staða kvenna var þó sterk fyrir siðaskipti og einstæðar mæður gátu átt börn án vandkvæða og fengu að hafa börn sín hjá sér. Börn þeirra voru jafnvel studd af feðrum sínum. Við siðbótina versnar staða kvenna til muna þar sem þær verða algjörlega háðar eiginmanni hvað barneignir varðar. Það var synd og mikil skömm fyrir ógifta móður að eignast barn og lágu viðurlög við því sem jafnvel gat verið dauðadómur. Ógiftar mæður fengu sjaldnast að hafa börn sín hjá sér og ekkjum og börnum þeirra var jafnframt skipt upp á milli bæja við fráfall eiginmannsins. Undir lok tímabilsins eru þó aðeins farið að huga að réttindum þeirra og þá sérstaklega ekkna. Með iðnbyltingunni verða örar og víðtækar breytingar á stöðu og réttindum mæðra.

4.2 20. öldin fram til dagsins í dag.

Með þjóðfélagsbreytingum og auknu frelsi og sjálfstæði kvenna frá því í byrjun 20. aldar erum við að færast nær jafnrétti kynjanna. Íslensk löggjöf hefur tekið mið af þessari þróun og verða helstu lög er varða réttindi mæðra sérstaklega rakin í þessum kafla.

Fjölskylduréttur, öðru nafni sifjaréttur, fjallar um nán tengsl manna og þau réttaráhrif sem þeim fylgja. Fjölskyldurétti er skipt annars vegar í hjúskapar- og sambúðarrétt þar sem lögð er áhersla á sambönd tveggja fullorðinna einstaklinga og hins vegar barnarétt þar sem fjallað er um samskipti foreldra og barna og réttarstöðu barna. Fjölskylduréttarreglur varða

einnig fjárhagsleg málefni þessara aðila og samskipti þeirra við hið opinbera. Önnur löggjöf hefur einnig áhrif á réttarstöðu einstaklinga sem fjallað verður um í eftirfarandi kafla. Fjölskylda sem slík er ekki skilgreind í lögum heldur tengir löggjafinn réttaráhrif við ákveðnar gerðir fjölskyldna sem kalla má viðurkenndar fjölskyldur eða viðurkennd sambúðarform (Ármann Snævarr, 1959; Hrefna Friðriksdóttir, 2009-b).

4.2.1 Jafnrétti

Jafnréttislög hafa haft áhrif á stöðu kvenna og þar á meðal mæðra (Ellingsæter og Leira, 2006). Fyrstu jafnréttislögin á Íslandi, lög nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla, voru samþykkt árið 1976 með það að markmiði að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla (Þingskjal 923, 1975-1976). Með síðari breytingum á lögnum var sérstaklega gætt að hlut kvenna. Heimilaðar eru sérstakar aðgerðir til þess að bæta stöðu kvenna og að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar telst ekki mismunun (Lög um jafna möguleika kvenna og karla nr. 65/1985; Þingskjal 1280, 1984-1985). Með breytingu á lögnum árið 2000 er gætt að meira jafnræði á milli karla og kvenna þar sem sérstakar aðgerðir til að rétta stöðu karla jafnt sem kvenna eru leyfilegar. Þá kom nýtt ákvæði sem kvað á um að atvinnurekendur skyldu gera ráðstafanir til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000). Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 sem eru í gildi í dag er að koma á og viðhalda jafnrétti karla og kvenna og jöfnum tækifærum þeirra til þess að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Til þess að ná fram þessu markmiði skal meðal annars bæta stöðu kvenna sérstaklega og auka möguleika þeirra. Bæði konum og körlum eiga að vera kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og breyta þarf neikvæðum hefðbundnum kynjaímyndum um hlutverk kvenna og karla (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

4.2.2 Fjölskyldustefna

Fjölskyldustefnur eru aðgerðir stjórnvalda sem taka mið af þörfum fjölskyldunnar. Í henni felast skilgreiningar á hlutverkum og ábyrgð einstaklinga, fjölskyldna og samfélaga (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Með lækkanði fæðingartíðni, sem má rekja til einstaklingshyggju á 20. öldinni, stigu ríki inn með fjölskyldustefnur. Þar til nýlega var aðaláherslan á að konur væru heima að eiga börn en í dag stuðla fjölskyldustefnur að meira jafnrétti fyrir konur og meiri

stuðningi í gæslu barna (Bittman og Pixley, 1997). Meginforsendur íslenskrar fjölskyldustefnu er að efla og vernda fjölskylduna án mismununar (Þingskjal 1230, 1996-1997).

Velferðarkerfi Norðurlandanna leitast við að jafna stöðu kynjanna hvað varðar atvinnuþátttöku, umönnun barna og réttindi (Stefán Ólafsson, 1999). Diane Sainsbury (1996) hefur gert greiningarlíkan á þróun velferðarkerfa sem tekur tillit til kyns og fjölskyldustöðu. Hún skiptir líkaninu upp í hefðbundna fyrirvinnuskipan og einstaklingsskipan. Í fyrirvinnuskipan er áhersla á gildi hjónabandsins og hefðbundna verkaskiptingu kynjanna þar sem eiginmaðurinn er fyrirvinna og nýtur einn réttinda. Í einstaklingsskipan njóta einstaklingar réttinda án tillits til kyns eða hjúskaparstöðu og er áhersla á að feður og mæður geti bæði sinnt umönnun og atvinnuþátttöku (Sainsbury, 1996).

4.2.3 Almennatryggingar

Á Íslandi er aldagömul hefð fyrir ábyrgð og stjórn samfélagsins á þeim sem minna mega sín. Framfærsluaðstoð var í höndum sveitarfélaga sem skiptu byrðinni með sér og því tíðkuðust hreppaflutningar á fólki. Þeir leiddu oft til mikilla hörmunga fyrir þurfamenn og börn þeirra og voru fjölskyldumeðlimum oft sundrað (Davíð Þór Björgvinsson, 1995; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1982; Stefán Ólafsson, 1999). Ekkert var algengara en að aðskilja fátækar ógiftar mæður og börn þeirra (Inga Huld Hákonardóttir, 1992). Með nýjum framfærslulögum nr. 135/1935 voru hreppaflutningar afnumdir og fékk móðir óskilgetins barns jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér eða ráða verustað þess (Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, 1998; Stefán Ólafsson, 1999).

Tilurð almennatrygginga er rekin til þeirra vandamála sem fylgdu fátækraaðstoðinni. Með gildistöku laga nr. 50/1946 um almennatryggingar árið 1947 voru fjölskyldubætur teknar upp, en þó aðeins frá og með fjórða barni. Þar var að finna ákvæði um greiðslur til kvenna sem gekk upp í kostnað við fæðingu og var fyrsti vísir að fæðingarorlofi (Stefán Ólafsson, 1999). Það varð mikil réttarbót fyrir einstæðar mæður þegar Tryggingastofnun ríkisins fór að sjá um greiðslu meðlaga. Tryggingastofnun átti síðan endurkröfurétt á hendur barnsföður en fram að þessu höfðu mæður verið nánast réttláusar í þeim efnum. Smá saman jukust réttindin og farið var að greiða fjölskyldubætur með öllum börnum árið 1962. Sama upphæð var greidd til foreldra án tillits til efnahags þeirra eða stöðu. Auk fjölskyldubótanna fengu einstæðar mæður barnalífeyri og mæðralaun (Guðný Björk Eydal, 2005; Stefán Ólafsson, 1999). Á þessu tímabili tóku almennatryggingalögin mið af fyrirvinnuskipan þar

sem eiginmaðurinn var aðal fyrirvinna heimilisins. Tryggja þurfti fyrir því félli hann frá því tiltölulega sjaldgæft var að kona ynni utan heimilis (Guðný Björk Eydal, 2010; Þingskjal 310, 1945). Skattalöggjöfin var einnig höll undir fyrirvinnuskipan þar sem samsköttun var ríkjandi. Breytingar árið 1958 og 1978 þegar einstaklingssköttun komst á leiddu til aukinnar atvinnuþátttöku kvenna (Guðný Björk Eydal, 2010). Réttindi einstæðra mæðra voru þó ekki í samræmi við fyrirvinnuskipan. Stuðningur dugði einstæðum mæðrum ekki til framfærslu þar sem bæturnar voru einungis um 13% af meðallaunum karla. Einstæðar mæður stóðu þó frammar einstæðum feðrum þar sem þeir nutu ekki sambærilegra réttinda fyrr en í byrjun áttunda áratugarins (Guðný Björk Eydal, 2005).

Í dag eru barnabætur greiddar til beggja foreldra séu þeir í hjónabandi eða skráðri sambúð. Hvað varðar börn sem ekki búa hjá báðum foreldrum sínum fær það foreldri sem barnið hefur lögheimili hjá allan stuðning óháð því hvernig umgengni er háttað (Guðný Björk Eydal, 2010). Löggjöf um meðlag hefur ekki tekið breytingum í samræmi við breytingar á sífjarétti þar sem hvatt er til sameiginlegrar forsjár og aukinnar umgengi foreldra við barn (Hrefna Friðriksdóttir og Guðný Björk Eydal, 2010). Í dag beinist því allur stuðningur að lögheimilisforeldrinu sem í flestum tilvikum er móðir barnsins (Guðný Björk Eydal, 2010).

4.2.4 Umönnunarstefna

Mikilvægt er að huga að bæði kven- og barnaréttindum við mótun stefnu í uppeldi og umönnun barna. Að samræma réttindi barna og jafnrétti kynjanna er talið börnum til hagsbóta og dragi jafnvel úr fátækt þeirra. Samspil á milli ríkis og fjölskyldna getur skapað þroskandi umhverfi þar sem börn geta reynt á hæfni sína á meðan foreldrar, þá aðallega mæður, geta samræmt atvinnu- og fjölskyldulíf. Ríki fái aðgang að góðu og vel menntuðu vinnuafli í framtíðinni. Í uppeldis- og umönnunarstefnu væri því verið að sameina félagslega fjárfestingu, jafnrétti kynjanna og réttindi barna (Lister, 2005; White, 2011).

Umönnunarstefna stjórnvalda felst í þeim opinberu greiðslum eða niðurgreiddri þjónustu til foreldra vegna umönnunar ungra barna sinna. Í byrjun áttunda áratugar 19. aldar voru dagvistun og fæðingarorlof fyrst tryggð í lögum. Með lögum nr. 29/1973 um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila var megináherslan á, auk velferð barnsins, að vinnandi mæður gætu nýtt sér dagheimili. Rétturinn var algildur og þjónustan var niðurgreidd. Fram að því hafði ríkið veitt fjárhagslegan stuðning en engin löggjöf var til, umönnun barna var einkamál foreldra. Síðustu áratugi hefur framboð aukist hvað varðar

dagvist barna með nýjum lögum um leikskóla nr. 48/1991 og 78/1994 bæði hvað varðar fjölda barna og tíma sem þau geta verið á leikskólanum. Við það jukust réttindi mæðra en sterkt samband er á milli atvinnuþátttöku mæðra og opinberrar dagvistunarþjónustu (Guðný Björk Eydal, 2006). Sum sveitarfélög hafa veitt umönnunargreiðslur til foreldra til þess að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla en engin löggjöf er um slíkar greiðslur. Þær hafa verið gagnrýndar fyrir að stríða gegn jafnréttisstefnu þar sem einkum mæður sem ekki hafa sterka stöðu á vinnumarkaði nýta sér þær (Guðný Björk Eydal, 2006).

Hugmyndin að baki fæðingarorlofi var upphaflega réttur mæðra til leyfis frá vinnu. Með lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 57/1973 fá allar vinnandi mæður þriggja mánaða greitt fæðingarorlof en áður höfðu konur eingöngu fengið styrk við fæðingu barns (Guðný Björk Eydal, 2005). Með jafnréttispróun í huga lítum við til réttar og skyldu feðra til umönnunar og réttar mæðra til atvinnuþátttöku (Guðný Björk Eydal, 2010). Árið 1980 voru sett lög um fæðingarorlof þar sem allar konur áttu þá rétt á þriggja mánaða greiddu fæðingarorlofi og gátu feður notað 30 daga af því ef móðir samþykkti. Réttur til fæðingarorlofs var svo rýmkaður næstu ár og var hann orðinn sex mánuðir árið 1990 (Guðný Björk Eydal, 2006: Lög um fæðingarorlof nr. 91/1980; Lög um fæðingarorlof nr. 57/1987; Stefán Ólafsson, 1999). Með nýjum lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95 frá árinu 2000 urðu grundvallarbreytingar. Tryggður var réttur barna til umönnunar beggja foreldra og bæði konum og körlum var gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Fæðingarorlofið lengdist úr sex mánuðum í níu þar sem feður og mæður fengu sjálfstæðan rétt. Mæður eiga rétt á orlofi í þrjá mánuði, feður þrjá mánuði og þrír mánuðir eiga þau saman og geta ráðstafað að vild. Við þetta varð sjálfstæður réttur feðra hvergi meiri (Guðný Björk Eydal, 2006; Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000). Algengara er að móðir nýti sér sameiginlegu mánuðina (Auður Arna Arnardóttir, 2008).

Faðir sem tekur fæðingarorlof með barni sínu myndar betri tengsl við það og tekur þar af leiðandi meiri þátt í uppeldi þess (Guðný Björk Eydal, 2008). Því lengur sem feður eru í fæðingarorlofi eykur það skilning þeirra á þörfum barnsins og hversu mikið starf það er að sinna barni. Það eykur einnig á þátttöku þeirra í umönnun barns eftir að orlofi lýkur (Auður Arna Arnardóttir, 2008).

Framan af tók var engin löggjöf til sem varðaði umönnun barna sem bendir til þess að fyrirvinnuskipan ríkti. Frá áttunda áratugnum hefur umönnunarstefna stjórnvalda færst í

auknum mæli í átt að einstaklingslíkaninu. Þótt sjálfstæður réttur feðra til fæðingarorlofs sé mestur hér á landi hefur réttur móður í raun skerst. Í stað þess að eiga rétt á sex mánaða fæðingarorlofi eins og það var fram til ársins 2000 þá eiga þær í dag þriggja mánaða sjálfstæðan rétt og þrjú mánuðir eru umsemjanlegir á milli foreldra.

4.2.5 Sifjalöggjöf

Um og eftir aldamótin 1900 breyttist staða kvenna á Íslandi þar sem þær gátu í auknu mæli farið út á vinnumarkaðinn, menntað sig og þær fengu kosningarétt. Lög sem sett voru árið 1900 og svo árið 1917 mörkuðu tímamót í réttindum kvenna. Lög um fjármál hjóna voru sett árið 1900 og fengu giftar konur þar með fjárræði með sama hætti og karlar og ógiftar konur. Með lögræðislögum nr. 60/1917 var lögfest að forsjá barna væri í höndum beggja foreldra og óskilgetnu barni ráði móðir. Fram að þeim tíma hafði faðir einn farið með forsjá barna (Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, 1998; Guðný Björk Eydal, 2010).

Með löggjöf um hjónaband og málefni barna á þriðja tug 20. aldar styrktist staða mæðra enn fremur og vakti löggjöfin athygli fyrir jafnréttisáherslur (Therborn, 1993). Forráð hjóna yfir börnum sínum og forráð móður yfir óskilgetnu barni sínu voru áréttuð. Áhrifa eðlishyggjunnar gætir hér þar sem í frumvarpi með lögunum stóð að „samkvæmt náttúrunnar lögmáli yrði að fela móðurinni uppeldi barna hennar umfram föðurinn“ (Davíð Þór Björgvinsson, 1995, bls. 49). Lögin stuðluðu einnig að auknu jafnrétti barna sem fædd voru innan og utan hjónabands (Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 46/1921; Lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna nr. 57/1921). Hjónaband var nú samningur tveggja jafnrétthárra einstaklinga og höfðu báðir foreldrar skyldur til þess að annast um og sjá fyrir börnum sínum. Skilnaður var á jafnréttisgrundvelli og hagsmunir barns skyldu ráða hvernig því var fyrirkomið eftir skilnað. Forráð hvers barns var þó óskipt hjá sama foreldri (Guðný Björk Eydal, 2010; Lög um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923; Lög um stofnun og slit hjúskapar nr. 39/1921). Núgildandi hjúskaparlög nr. 31 tóku gildi 1993 og kveða þau um að við skilnað eða sambúðarslit foreldra ber þeim skylda til þess að annað eða bæði fari með forsjá ósjálfráða barna (Davíð Þór Björgvinsson, 1995; Hjúskaparlög nr. 31/1993). Þrátt fyrir þessar miklu breytingar á réttindum kvenna og barna í byrjun 20. aldar breyttust kynhlutverkin hægt. Karlar voru álitnir fyrirvinna á meðan mæður sáu um umönnun barna (Guðný Björk Eydal, 2005).

Barnalög nr. 9/1981 leystu af hólmi eldri lög um afstöðu foreldra til barna. Þau mörkuðu viss tímamót hvað varðar forsjá og umgengni og var tilgangur þeirra að setja hag og þarfir barnsins í fyrirrúm þar sem hagsmunir foreldra voru látnir víkja. Farið var að nota orðið forsjá í stað foreldravalds og áhersla lögð á að barnið hefði rétt til forsjár og umgengni við foreldra en foreldrar hefðu skyldur við barnið (Davíð Þór Björgvinsson, 1995; Þingskjal 556, 1980-1981). Við endurskoðun Barnalaganna árið 1992 varð mikilvæg breyting þar sem sameiginleg forsjá var nú möguleg. Þá var dregið úr mun á réttarstöðu skilgetinna og óskilgetinna barna og hugtökin afnumin (Barnalög nr. 20/1992). Núgildandi barnalög voru sett árið 2003 og helstu nýmæli voru að móður ber skylda til að feðra barn sitt og með því var verið að leggja aukna áherslu á rétt barns til að þekkja báða foreldra sína. Þá leysa dómstólar alfarið úr ágreiningsmálum um forsjá og með tilliti til hagsmuna barnsins. Árið 2006 var sameiginleg forsjá gerð að meginreglu (Lög um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar nr. 69/2006) og árið 2013 er dómara heimilt að dæma sameiginlega forsjá. Dæmi dómari sameiginlega forsjá sker hann einnig úr um hjá hvoru foreldranu barn skuli eiga lögheimili. Fari foreldrar með sameiginlega forsjá eiga þeir að taka allar meiri háttar ákvarðanir um barnið sameiginlega. Lögheimilisforeldri hefur þó heimild til þess að taka ákvarðanir um daglegt líf barnsins. Foreldrum er skylt að framfæra barn sitt, hvort um sig eða saman (Barnalög nr 76/2003). Það foreldri sem barnið býr ekki hjá sinnir almennt framfærsluskyldu sinni með því að greiða meðlag til hins, það er lögheimilisforeldrisins (Hrefna Friðriksdóttir, 2009-b).

Bæði foreldrar og börn njóta ávinnings af sameiginlegri forsjá þegar foreldrar eru ekki saman. Sameiginleg forsjá stuðlar að meiri þátttöku og ábyrgð feðra sem leiðir til jafnari uppeldisábyrgðar og léttir þar með á mæðrum sem aðalumönnunaraðilum (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000; Sigrún Júlíusdóttir, 2009). Lögheimili barnanna er yfirleitt skráð hjá móður (Hagstofa Íslands, 2014) og allur stuðningur af hálfu hins opinbera beinist að lögheimilisforeldrum (Guðný Björk Eydal, 2010). Sterk staða móður er að því leyttinu að hún hefur meiri áhrif á daglegt líf barnsins og fær meiri stuðning við framfærslu þess.

4.2.6 Forsjá barna

Á Íslandi voru að meðaltali um 1500 hjónavígslur á ári frá 1951-2011 (Hagstofa Íslands, 2012-a) um 400 þeirra enduðu með lögskilnaði eða um 25% (Hagstofa Íslands, 2012-b). Fólk í sambúð slítur samvistum í 36% tilvika (Hagstofa Íslands, 2012-d; 2012-e).

Eins og fyrr hefur komið fram þá tíðkaðist það á 20. öld að móðir færi með forsjá barna við sambúðarslit eða skilnað foreldra þó ekki væri kveðið á um það í lögum (Árman Snævarr, 1982). Mikill meirihluti foreldra fer nú með sameiginlega forsjá eftir lögskilnað eða um 90%. Fleiri mæður eru þó með forsjá yfir börnum sínum en feður þegar ekki er um sameiginlega forsjá að ræða (Hagstofa Íslands, 2012-c). Þó foreldrar fari með sameiginlega forsjá verður lögheimili barns að vera skráð hjá öðru hvoru foreldrinu og skulu þeir taka ákvörðun um það við skilnað (Barnalög nr. 76/2003). Árið 2014 er lögheimili barna í rúmum 90% tilvika skráð hjá móður (Hagstofa Íslands, 2014).

Ingólfur V. Gíslason (2004) skoðaði alla úrskurði forsjárdóma héraðsdómstóla landsins frá árunum 1995 til 2001. Undantekningalaust voru báðir foreldrar metnir jafnhæfir og sýnir það erfiðleika við að taka eindregna ákvörðun um hvort foreldrið eigi að fara með forsjána. Hvað varðar rökstuðning voru engin ákvæði um hann í þágildandi barnalögum er dómarnir voru kveðnir upp. Eina sem líta ætti til var hvað væri barni fyrir bestu. Í þeim dómum þar sem foreldrar þóttu jafnhæfir var aðallega litið til þriggja þátta. Í fyrsta lagi hvoru foreldrinu barnið væri nánara, í öðru lagi hvort fyrirkomulagið valdi minna raski og loks hvort foreldranna er líklegra til að tryggja forsjárlausa foreldrinu umgengni. Þetta er í samræmi við núgildandi barnalög þar sem tilgreint er hvers dómari beri að líta til við úrskurð sinn um forsjá (Barnalög nr. 76/2003). Hið klassíska fjölskyldumynstur sem hefur verið ráðandi er að móðirin er yfirleitt heima með barninu fyrstu sex til 12 mánuði eftir fæðingu þess. Þegar hún fer að vinna er það oft í hlutastarfi til þess að geta sinnt barninu meira. Á móti auka feður vinnu sína þar sem þeir verða frekar fyrirvinna heimilisins. Þetta vinnur gegn möguleikum feðra þar sem barnið verður nánara móður sinni. Þá eru það yfirleitt feðurnir sem fara út af heimilinu þegar til skilnaðar kemur og röskun yrði þá á högum barnsins ef faðirinn fengi forsjána. Þar sem tengsl barns við föður voru sterkari var þeim þó dæmd forsjáin. Þegar báðir foreldrar teljast jafnhæfir og hafa sinnt barninu mikið alla tíð geta dómstólar ekki gert annað en að dæma þeim aðila forsjána sem barnið hefur haft lögheimili hjá þar sem það hefði minna rask í för með sér (Ingólfur V. Gíslason, 2004).

Af þessum niðursöðum má sjá að mæður eru enn í sterkari stöðu en feður vegna hefðarinnar þar sem þær hafa verið aðalummönnunaraðilar barna og eru í flestum tilvikum með lögheimili barnanna.

4.2.7 Einstæðar mæður

Til þess að árétta stöðu einstæðra mæðra í byrjun 20. aldar segir í frumvarpi til fyrstu barnaverndarlaga hér á landi árið 1932 að einstæðar mæður með ung börn séu margoft vinasnauðar og úrræðalausar og mælt er með að barnaverndarnefnd aðstoði þær (Þingskjal 156, 1932). Í sænskum og dönskum barnaverndarlögum var kveðið á um að lækni eða ljósmóður væri skylt að tilkynna barnavernd um fæðingu óskilgetinna barna svo hægt væri að koma til hjálpar sem allra fyrst. Samkvæmt sænskum lögum átti barnavernd að skipa óskilgetnu barni eftirlitsmann sem styðji móður í að ná rétti sínum gagnvart barnsföður og sé meðráðamaður hennar við uppeldi barnsins (Þingskjal 156, 1932). Í lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 46/1921 gætir sömu sjónarmiða þar sem að skólanefndir og fræðslunefndir skulu hafa eftirlit með því að óskilgetin börn séu vel upp alin.

Í gegnum söguna hafa einstæðar mæður og börn þeirra verið talin vandamál. Þeim hefur fylgt smánarblettur og hafa þau mætt útskúfun. Þrátt fyrir að Norðurlöndin séu talin með bestu velferðarkerfi í heimi, þar sem sérstaklega er gætt að réttindum einstæðra mæðra, eru vísbendingar um að þau nái ekki lengur markmiðum sínum (Polakow, Halskov og Jørgensen, 2001). Félagsmála- og fjölskyldustefnur á Norðurlöndunum hafa lagt áherslu á að stuðla að jafnrétti hvað varðar líffskilyrði barna án tillits til fjölskylduforms og eru sérstaklega vinveitt konum (Siim, 1997). Altækar stefnur sem veita félagslegar tryggingar, alhliða barnagæslu og heilbrigðisþjónustu, sérstakan stuðning við börn, bætur til barna, fjölskyldna og einstæðra foreldra er til þess að jafna stöðu einstæðra foreldra (Björnberg, 1997). Þannig eru einstæðar mæður ekki taldar öðruvísi en aðrar mæður og þar með búið að jafna stöðu allra mæðra (Siim, 1997). Einstæðar mæður hafa ekki þótt vandamál síðustu 25 ár og segir Björnberg (1997) bendir jafnframt á að einstæðir foreldrar séu orðið viðurkennt fyrirbæri í Svíþjóð og því séu fordómar gagnvart einstæðum mæðrum sjaldgæfir.

Rannsókn Polakow, Halskov og Jørgensen (2001) á einstæðum mæðrum í Danmörku sem á einhverjum tímapunkti þurftu félagslega aðstoð leiddi í ljós að þrátt fyrir grundvallar réttindi og sterkar almannatryggingar í landinu er líf einstæðra mæðra oft á tíðum undirlagt af margvíslegum vandamálum sem falla kannski ekki undir viðurkennda flokka félagslegra vandamála né sjúkdóma. Einstæðar mæður er fátækasti hópurinn í landinu og þarf einn þriðji þeirra á félagslegri aðstoð að halda (Smith og Naur, 1998). Helstu hindranir einstæðra mæðra, jafnvel auk kynþátta- og kynjamismununar, eru mismunun á vinnumarkaði þar sem

Þær eru oft á tíðum með ótrygga atvinnu og í láglau nastörfum. Takmörkuð tækifæri eru til framhaldsmenntunar og erfitt er fyrir þær að fá styrki til að mennta sig nema til láglau nastarfa innan heilbrigðiskerfisins. Þau eru talin viðeigandi og fullnægjandi fyrir einstæðar mæður sem endurspeglar hugsun feðraveldisins. Hæsta tíðni atvinnuleysis eru á meðal einstæðra mæðra en vegna lágra launa hafa þær það betra með fjárhagsaðstoð þar sem þær þurfa þá ekki að greiða vinnutengd útgjöld eins og ferðakostnað og dagvistun fyrir börnin. Vegna ósveigjanleika félagsmálastefnunnar njóta þær minni félagslegs stuðnings ef þær eru í vinnu. Minnkuð félagsstengsl og einangrun getur aukið álag á einstæðar mæður þar sem þær skortir stuðningsnet í kringum sig sem getur aðstoðað þær við umönnun barnanna, sér í lagi í veikindum. Þá má nefna auk skorts á tíma og efnislegum gæðum, lélegt húsnæði og fordóma samfélagsins í þeirra garð (Polakow, Halskov og Jørgensen, 2001).

Reynsla af heimilisofbeldi virðist vera algeng á meðal einstæðra mæðra. Fjölskyldulíf er oft í ójafnvægi vegna ofbeldishneigðs fyrrverandi maka og upplifa þær skort á stuðningi af hálfu ríkisins gegn slíku ofbeldi. Hneigð feðraveldisins til þess að halda í heiðri réttindum feðra sem og sú lagalega og félagslega skylda að hafa hagsmuni barna í fyrirrúmi veitir feðrum umgengni við börn sín þrátt fyrir það heimilisofbeldi sem þeir hafa beitt. Þeir fá eftirlitslausa umgengni við börn sín og í flestum tilfellum sameiginlega forsjá með móður. Með þessu móti geta þeir viðhaldið ofbeldinu (Polakow, Halskov og Jørgensen, 2001).

Að sömu niðurstöðu kemst Sigrún Júlíusdóttir (2009). Einstæðir foreldrar, þar sem einstæðar mæður eru í meirihluta, þurfa að vinna meira til þess að framfleyta fjölskyldunni og er barnið eða börnin því jafnvel meira ein eða njóta síður atlætis þess foreldris (Sigrún Júlíusdóttir, 2009). Þrátt fyrir jafnréttislög er launamunur kynjanna enn til staðar og hafa konur um 20% lægri laun en karlar (Bittman og Pixley, 1997; Smith og Naur, 1998). Við þessar aðstæður þar sem foreldrar hafa ekki nægilegar góðar aðstæður til þess að framfæra börnin, vernda þau og efla er líklegra að vandi steðji að. Það getur orðið til þess að aðstoðar Barnaverndaryfirvalda þurfi og eru meirihluti barnaverndarmála vegna barna sem búa hjá einstæðu foreldri. Þar af eru einstæðar mæður í næstum því helmingi tilvika. Þá þurfa einstæðar mæður í meira mæli á fjárhagsaðstoð að halda (Sigrún Júlíusdóttir, 2009).

Á 20. öld urðu miklar breytingar í þróun á réttindum mæðra. Fjölskyldu- og hjúskaparlöggjöf á þriðja áratug aldarinnar gjörbreyttu stöðu mæðra. Þær fengu sama rétt og feður til þess að vera með forráð barna sinna og óskilgetnu barni réði móðir. Fjölskyldustefna

stjórnvalda veitir foreldrum aðstoð við framfærslu barna sinna og gerir þeim kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Löggjöfin einkennist af jafnréttisáherslum og er sérstaklega tekið tillit til einstæðra foreldra. Meginreglan er sú að foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns og helst hún sameiginleg ef þeir skilja. Barn getur þó einungis átt lögheimili á einum stað og beinist allur stuðningur að lögheimilisforeldri. Mæður búa að þeirri hefð að vera taldar frumforeldri barna og í flestum tilvikum er barn með lögheimili skráð hjá móður. Einstæðar mæður eiga þó undir högg að sækja og félagsleg staða þeirra fer versnandi.

5 Umræða og lokaorð

Tilgangur ritgerðarinnar var að skoða stöðu mæðra í gegnum tíðina og komast að því hver réttur hennar samkvæmt lögum hefur verið. Fjölskyldan var skoðuð með tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið á henni frá landnámi fram til dagsins í dag. Greint var hlutverk mæðra innan hennar og hvernig það hefur þróast með tilliti til menningarlegra og samfélagslegra breytinga.

Framan af var Ísland ættarveldi og kyrrstöðubjóðfélag. Feðraveldi var ríkjandi og börn álitin eign föðurs fram á 20. öld. Á landnámsöld og fram að siðaskiptum var staða konunnar sterk innan hjónabandsins sem og að ógiftar mæður nutu vissrar umhyggju þar sem þær fengu að hafa börn sín hjá sér og þau jafnvel studd af feðrum sínum. Heimilin voru mannmörg og mæður eða fóstrur sáu um umönnun barna. Eftir siðbót varð staða mæðra mun verri og þá sérstaklega staða ógiftra mæðra þar sem hálfgerðar ofsóknir voru gegn þeim. Hjónabandið var talin heilög stofnun þar sem móðir og börn voru í skjóli þess. Staða móður varð bundnari við heimili og börn og átti hún að vera undirgefin manningum. Barneignir ógiftra kvenna var syndsamleg og hart var barist gegn réttindum þeirra. Með tilkomu Stóradóms var farið að beita dauðarefsingum gegn barneignum þeirra sem ekki máttu eigast. Dauðadómur lá aðallega við sifjaspellum sem voru skilgreind mjög víð. Einnig voru feður og mæður líflátin vegna dulsmála. Vegna ótta við harkalegar refsingar Stóradóms freistuðust margir til þess að deyða barn sitt sem getið var ólöglega. Fleiri mæður lágu í valnum en feður þar sem ekki þótti tiltökumál að vesælar og snauðar mæður væru teknar af lífi. Fordæming og vesæld ógiftra mæðra náði langt fram á 18. öld. Ógiftum mæðrum og börnum þeirra var oftast en ekki stíð í sundur vegna fátæktar. Réði ógift móðir sig í vist fékk hún yfirleitt ekki að hafa börn sín hjá sér. Við fráfall eiginmanns giftra kvenna áttu þær hvorki rétt til búis né barna. Ekkjan og börn hennar voru boðin upp þar sem þau lentu oftast en ekki á sitthvorum bænum. Fram á 20. öld höfðu mæður ekkert tilkall til barna sinna og við skilnað foreldra sem voru þó afar fátíðir fylgdu börn föðurnum.

Þau tengsl og umhyggja sem einkennir samband móður og barns í dag þekktist ekki til forna. Með tengslamyndunarkenningum og eðlishyggju í byrjun 20. aldar var móðir talin náttúrulegur umönnunaraðili barna sinna. Staða og ímynd mæðra var bundin við móður- og húsmóðurhlutverkið og við skilnað fóru börn að fylgja móður. Samkvæmt femínískum kenningum er talið að karlaveldi gegnsýri samfélagið og hefur barátta femínista verið gegn

kúgun karlmannna. Kvenréttindabaráttan sneri að því að jafna stöðu kynjanna og í dag hafa konur sömu lagalegu og borgaralegu réttindi og karlar. 20. öldin er öld félagslegs lýðræðis og mikil réttarbót hefur orðið hvað varðar stöðu mæðra og þá sérstaklega einstæðra mæðra. Lagaleg réttindi móður koma fram í fjölskyldurétti og þeim lögum sem viðkoma rétti til greiðslna og stuðnings frá ríkinu. Réttur móður samkvæmt lögum kemur inn með jafnréttisáherslum sifjalaga og fjölskyldustefnu ríkisins. Má greina þrjár þróunarlínur þar að lútandi sem eru vinnumarkaðsvæðing mæðra, samfélagsvæðing barnaupveldis og fjölskylduvæðing feðra.

Á síðari hluta 20. aldar hefur sú venja verið vefengd að mæður séu betur til þess fallnar að annast börn sín en feður og eru áherslurnar í dag á jafnrétti foreldra og sér í lagi á föðurhlutverkið. Hvaða áhrif það hefur og mun hafa á stöðu og réttindi mæðra er óljóst en í gegnum tíðina hafa mæður haft lítið að segja um hlutverk sitt og rétt sem móður. Samkvæmt Barnalögum á barn rétt á forsjá foreldra sinna annars eða beggja og foreldrar bera skyldur gagnvart barninu. Foreldrar í hjónabandi eða sambúð fara sameiginlega með forsjá barns og er meginreglan sú að hún haldist sameiginleg komi til skilnaðar. Í þeim tilvikum sem aðeins annað foreldri fer með forsjá barns er það í meirihluta móðir. Barn getur þó aðeins átt lögheimili á einum stað og er það yfirleitt hjá móður. Stuðningur ríkisins til umönnunar barna er við lögheimilisforeldrið. Móðir hefur alltaf forsjá barns við fæðingu þess annað hvort með föður eða ein. Réttur móður er því sterkur þrátt fyrir jafnréttisáherslur og má álykta að hún búi að þeirri hefð sem skapaðist á fyrri parti 20. aldar um að móðir væri aðalumönnunaraðili barna af náttúrunnar hendi. Staða einstæðra mæðra virðist þó ekki vera sem ákjósanlegust í dag og bendir það til þess að velferðarkerfi ríkja séu ekki lengur að ná til þeirra þó kerfið sé hannað samkvæmt einstaklingslíkani.

Hvað varðar þá gagnrýni að móðir fái ein forsjá barns þegar það fæðist sé hún ekki í hjónabandi eða vígðri sambúð getur sannarlega átt rétt á sér með tilliti til jafnréttis kynjanna og réttinda barnsins. Spurningamerki má þó setja við sameiginlega forsjá þegar kona ákveður að eiga barn sem hún gengur með gegn vilja mannsins sem að getnaðinum kemur.

Eitt af gildum félagsráðgjafa er að gefa ákveðnum samfélagshópum rödd. Má nýta þessa ritgerð til þess að skilja og skoða stöðu konunnar sem móðir í gegnum tíðina og hvað það er sem hefur mótað hlutverk hennar. Hvað verður um rétt mæðra með aukinni þátttöku feðra í uppeldi barna og jafnréttisáherslum laga er fróðlegt að vita og verðugt verður að fylgjast

með því í framtíðinni. Eitt af viðfangsefnum félagsráðgjafa er að veita sérhæfða ráðgjöf vegna forsjá barna. Ljóst er að í framtíðinni mun sameiginleg forsjá vera ríkjandi og feður munu taka meiri þátt í uppeldi barna sinna haldi þessi þróun áfram. Mikilvægt er að félagsráðgjafar séu meðvitaðir og þekki til sameiginlegrar forsjár og hvað hún felur í sér. Gott er að þeir séu meðvitaðir um réttindi mæðra, sérstaklega einstæðra mæðra.

Nafn höfundar

Heimildaskrá

- Ainsworth, M., Blehar, M., Athers, E. og Wall, S. (1978). *Patterns of Attachment: A Psychological Study of the Strange Situation*. Hillsdale, NJ: Lawrence Erlbaum.
- Alderson, P. (2008). *Young children's rights: Exploring beliefs, principles and practice* (2. útgáfa). London: Jessica Kingsley Publishers.
- Auður Arna Arnardóttir. (2008). Fæðingarorlof frá sjónarhóli feðra og mæðra. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 139-150). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Axford, N. (2008). *Exploring concepts of child well-being: Implications for children's services*. Bristol: Policy Press.
- Ármann Snævarr. (1959). Um sifjar og sifjarétt. *Úlfjótur*, 12(3), 3-20.
- Ármann Snævarr. (1982). *Fyrirlestrar í sifjarétti II*. Reykjavík: Bóksala stúdenta.
- Barnalög nr. 20/1992*.
- Barnalög nr. 76/2003*.
- Barnalög nr. 8/1981*.
- Barnes, H., Day, P. og Cronin, N. (1998). *Trial and error: A review of UK child support policy*. London: The Sheffield Foundation and Family Policy Studies Centre.
- Beckett, C. og Taylor, H. (2010). *Human growth and development* (2. útgáfa). London: SAGE Publications Ltd.
- Bittman, M. og Pixley, J. (1997). *The Double Life of The Family, Myth, Hope & Experience*. Australia: Allen & Unwin.
- Björnberg, U. (1997). Single mothers in Sweden: supported workers who mother, í S. Duncan og R. Edwards (ritstjórar) *Single mothers in an international context* (bls. 241-268). London: UCL Press.
- Bowlby, J. (1951). *Maternal Care and Mental Health*. Geneva: World Health Organization.
- Burman, E. (1994). *Deconstructing Developmental Psychology*. London: Routledge.
- Cunningham, H. (2005). *Children and childhood: In Western society since 1500* (2. útgáfa). Harlow: Pearson Education Limited.
- Davíð Þór Björgvinsson. (1995). *Barnaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.

- Douglas, K. B. (2004). *Sexuality and the black church. A womanist perspective*. New York: Orbis Books.
- Edwards, R. (1993). *Mature women students: Separating or connecting families and education*. London: Taylor and Francis.
- Ellingsæter, A.L. og Leira, A. (2006). *Politicising Parenthood in Scandinavia: Gender Relations in Welfare States*. Bristol: The Policy Press.
- Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir (ritstjórar). (1998). *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.
- Erla Hulda Halldórsdóttir. (1997). Illt er að vera fæddur kona. Um sjálfsmynd kvenna í sveitasamfélagi 19. aldar. Í Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (ritstjórar), *Íslenskar kvennarannsóknir – Erindi flutt á ráðstefnu í október 1995* (bls. 33-40). Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknarstofa í kvennafræðum.
- Esping-Andersen, G. (2009). *The incomplete Revolution, Adapting to Women's New Roles*. Cambridge: Polity Press.
- Farley, O. W., Smith, L. L. og Boyle, S.W. (2006). *Introduction to social work* (10. útgáfa). Boston: Pearson/Allyn and Bacon.
- Freud, S. (1949). *An Outline of Psychoanalysis*. London: Penguin.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. (1982). *Ómagar og Utangarðsfólk. Fátækramál Reykjavíkur 1786-1907*. Reykjavík: Sögufélag.
- Gísli Gíslason. (2008, mars). *Meðlagskerfi. Ísland og önnur lönd*. Reykjavík: Dóms- og Kirkjumálaráðuneytið. Sótt 10. apríl 2014 af <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir/Medlagskerfi.pdf>.
- Grágás, lagasafn íslenska þjóðveldisins*. (1992). Í Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason (sáu um útgáfu). Reykjavík: Mál og menning.
- Guðný Björk Eydal. (2005). *Family Policy in Iceland 1944-1984*. Gautaborg: Sociologiska institutionen.
- Guðný Björk Eydal. (2006). Þróun og einkenni íslenskrar umönnunarstefnu 1944-2004. *Uppeldi og menntun*, 15(2), 9-30.
- Guðný Björk Eydal. (2008). Fæðingarorlof, feður og fjölskyldustaða. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 203-211). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðný Björk Eydal. (2010). Íslenskur sifjaréttur og fjölskyldustefna frá fyrirvinnuskipan til jafnréttis. Í Þórhildur Líndal (ritstjóri), *Heiðursrit Ármann Snævarr 1919-2010* (bls. 143-164). Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX, Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni.

- Hagstofa Íslands. (2012-a). *Hjónavígslur 1951-2011*. Sótt 10. febrúar 2014 af [hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir/Hjónavígslur 1951-2011](http://hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir/Hjónavígslur%201951-2011).
- Hagstofa Íslands. (2012-b). *Lok hjúskapar og skilnaðir að borði og sæng 1951-2011*. Sótt 10. febrúar 2014 af [http://hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir/Lok hjúskapar og skilnaðir að borði og sæng 1951-2011](http://hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir/Lok%20hjúskapar%20og%20skilnaðir%20að%20borði%20og%20sæng%201951-2011).
- Hagstofa Íslands. (2012-c). *Lögskilnaðir og forsjá barna úr hjónabandi 1961-2011*. Sótt 10. febrúar 2014 af [http://hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir/Lögskilnaðir og forsjá barna úr hjónabandi 1961-2011](http://hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir/Lögskilnaðir%20og%20forsjá%20barna%20úr%20hjónabandi%201961-2011).
- Hagstofa Íslands. (2012-d). *Sambúðarslit eftir aldri 1991-2011*. Sótt 10. febrúar 2014 af [http://hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir/Sambúðarslit eftir aldri 1991-2011](http://hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir/Sambúðarslit%20eftir%20aldri%201991-2011).
- Hagstofa Íslands. (2012-e). *Stofnun sambúðar eftir aldri 1991-2011*. Sótt 10. febrúar 2014 af [http://hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir/Stofnun sambúðar eftir aldri 1991-2011](http://hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir/Stofnun%20sambúðar%20eftir%20aldri%201991-2011).
- Hagstofa Íslands. (2013). Mannfjöldapróun 2012. *Hagtíðindi 2013:1*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands. (2014). *Kjarnafjölskyldur eftir sveitarfélögum og fjölskyldugerð 1998-2014*. Sótt 5. maí 2014 af [http://hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Fjolskyldan/Kjarnafjölskyldur eftir sveitarfélögum og fjölskyldugerð 1998-2014](http://hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Fjolskyldan/Kjarnafjolskyldur%20eftir%20sveitarfélögum%20og%20fjolskyldugerð%201998-2014).
- Hansen, T., Slagsvold, B. og Moum, T. (2009). Childlessness and psychological well-being in midlife and old age: An examination of parental status effects across a range of outcomes. *Social Indicators Research*, 94(2), 343-362.
- Haraldur Einarsson. (2014). Störf þingsins. *Alþingistíðindi B-deild*, 143, Sótt 6. maí 2014 af <http://www.althingi.is/altext/raeda/143/rad20140121T134406.html>.
- Hjúskaparlög nr. 31/1993*.
- Hrefna Friðriksdóttir og Guðný Björk Eydal. (2010). Framfærsluskyldur foreldra. Meðlagskerfi Norðurlanda. Í Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 29-40). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2009-a). Samningur um réttindi barnsins. Í Björg Thorarensen, Hjördís Björk Hákonardóttir og Róbert R. Spanó (ritstjórar), *Mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (bls. 289- 338). Reykjavík: Bókaútgáfan Codex og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2009-b). Sifja- og erfðaréttur. Í Róbert R. Spanó (ritstjóri), *Um lög og rétt : helstu greinar íslenskrar lögfræði* (2. útgáfa). Reykjavík: Codex.
- Inga Huld Hákonardóttir. (1992). *Fjarri hlýju hjónasængur, öðruvísi Íslandssaga*. Reykjavík: Mál og menning.

- Ingólfur V. Gíslason. (2002). *Pabbi: Bók fyrir verðandi feður*. Reykjavík: Mál og menning.
- Ingólfur V. Gíslason. (2004). Dómar í forsjárdeilum. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 207-217). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingólfur V. Gíslason. (2008). Feðurnir og nútímavæðingin. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 247-256). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Gunnar Grjetarsson. (1993). Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi. Í Guðmundur Hálfánarson og Svanur Kristjánsson (ritstjórar). *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990* (bls. 453–463). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Lister, R. (2003). *Citizenship: Feminist perspectives*. Basingstoke: Palgrave MacMillan.
- Lister, R. (2005). Investing in the citizen worker of the future: Transformations in citizenship and the state under New Labour. Í H. Henrick (ritstjóri), *Child welfare and social policy* (bls. 449-462). Bristol: Policy Press.
- Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 46/1921.*
- Lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna nr. 57/1921.*
- Lög um almannatryggingar nr. 50/1946.*
- Lög um atvinnuleysistryggingar nr. 57/1973.*
- Lög um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar nr. 69/2006.*
- Lög um framfærslu barna nr. 135/1935.*
- Lög um fræðslu fyrir konur um getnaðarvarnir og fóstureyðingar nr. 38/1935.*
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000.*
- Lög um fæðingarorlof nr. 57/1987.*
- Lög um fæðingarorlof nr. 91/1980.*
- Lög um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila nr. 29/1973.*
- Lög um jafna möguleika kvenna og karla nr. 65/1985.*
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.*
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.*
- Lög um jafnrétti kvenna og karla nr. 78/1976.*
- Lög um leikskóla nr. 48/1991.*

Lög um leikskóla nr. 78/1994.

Lög um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923.

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992.

Lög um stofnun og slit hjúskapar nr. 39/1921.

Lögræðislög nr. 60/1917.

MacKinnon, C. A. (2001). *Sex Equality: Rape Law*. New York: Foundation Press.

Mahler, M. S., Pine, F. og Bergman, A. (1975). *The Psychological Birth of the Human Infant: Symbiosis and Individuation*. New York: Basic Books.

Mill, J. S. (2003). *Kúgun kvenna*. Vilhjálmur Árnason og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar) Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag.

Moss, P. og Brannen, J. (2003). Concepts, relationships and policies. Í J. Brannen og P. Moss (ritstjórar). *Re-thinking children's care* (bls. 1-22). Buckingham: Open University Press.

Newman, D. M. og Grauerholz, L. (2002). *Sociology of Families* (2. útgáfa). London: SAGE Publications Ltd.

Ólafía Einarsdóttir og Unnur Ragnarsdóttir. (1984). Staða kvenna á þjóðveldisöld. *Saga*, 22(1), 7-30.

Phoenix, A., Woollett, A. og Lloyd, E. (1991). *Motherhood: Meanings, Practices and Ideologies*. London: SAGE Publications Ltd.

Polakow, V., Halskov, T. og Jørgensen, P. S. (2001). *Diminished Rights: Danish lone mother families in international context*. Bristol: The Policy Press.

Rutter, M. (1981). *Maternal Deprivation Reassessed* (2. útgáfa). Harmondsworth: Penguin.

Sainsbury, D. (1996). *Gendering dimensions of welfare states*. Cambridge: Cambridge University Press.

Sigríður Matthíasdóttir. (2004). *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigríður Þorgeirsdóttir (2001). *Kvenna megin: ritgerðir um femíníska heimspeki*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). *Áfram foreldrar - Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir. (2008). *Ungmenni og ættartengsl: Rannsókn um reynslu og sýn skilnaðarungmenna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Sigrún Júlíusdóttir. (1997). Staða foreldra og réttur barna. Um fjölskyldugerðir, foreldrahlutverk og kynjamismunun. Í Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (ritstjórar), *Íslenskar kvennarannsóknir – Erindi flutt á ráðstefnu í október 1995* (bls. 205-213). Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknarstofa í kvennafræðum.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við Aldahvörf: náin tengsl og uppeldisskilyrði barna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2009). Samskipti foreldra og barna eftir skilnað. Í Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 119-130). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Siim, B. (1997). Dilemmas of citizenship in Denmark: lone mothers between work and care. Í J. Lewis (ritstjóri), *Lone mothers in European welfare regimes: Shifting policy logics* bls. 140-170). London: Jessica Kingsley Publishers.
- Smith, N. og Naur, M. (1998). Cohort effects on the gender wage gap. Í I. Persson og C. Jonung (ritstjórar), *Women's work wages*. London: Routledge.
- Stefán Ólafsson. (1999). *Íslenska leiðin- Almannatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Tryggingastofnun ríkisins, Háskólaútgáfan.
- Therborn, G. (1993). The Politics of Childhood: The Rights of Children in Modern Times. Í F. G. Castles (ritstjóri), *Families of nations: patterns of public policy in Western democracies* (bls. 241-291). Aldershot: Dartmouth.
- White, L. A. (2011). The internationalization of early childhood education and care issues: Framing gender justice and child well-being. *Governance: An International Journal of Policy, Administration, and Institutions*, 24(2), 285-309.
- Williams, M. W. (1920). *Social Scandinavia in The Viking Age*. New York: The Macmillan Company.
- Winnicott, D. W. (1971). *Playing and Reality*. London: Tavistock Publications Ltd.
- Þingskjal 1230. (1996-1997). Þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. *Alþingistíðindi A-deild*, 121. Sótt 1. mars 2014 af <http://www.althingi.is/altext/121/s/1230.html>.
- Þingskjal 1280. (1984-1985). Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. *Alþingistíðindi A-deild*, 107. Sótt 9. apríl 2014 af <http://www.althingi.is/altext/107/s/pdf/1280.pdf>.
- Þingskjal 156. (1932). Frumvarp til laga um barnavernd. *Alþingistíðindi A-deild*, 45.
- Þingskjal 310. (1945). Frumvarp til almannatrygginga. *Alþingistíðindi A-deild*, 64.
- Þingskjal 556. (1980-1981). Frumvarp til barnalaga. *Alþingistíðindi A-deild*, 103. Sótt 12. mars 2014 af <http://www.althingi.is/altext/103/s/pdf/0556.pdf>.

Þingskjal 923. (1975-1976). Frumvarp til laga um jafnrétti kvenna og karla. *Alþingistíðindi A-deild, 97*. Sótt 9. apríl 2014 af <http://www.althingi.is/altext/97/s/pdf/0923.pdf>.

Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfi. Úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli? Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 445-456). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.